



Hjálmur

fréttablað



[5]

Sigga Ellindar í Siggubæ



[8]

Þetta er ekkert annað en
nú tímaþrælahald



[26]

Langtímasamningar á
vinnumarkaði

Viðburðaríku og árangursríku starfsári að ljúka

Eypór Þ. Árnason formaður Verkalýðsfélagsins Hlífar



Hjá Verkalýðsfélaginu Hlíf hefur verið í mörgu að snúast á árinu sem er að líða. Gengið hefur verið frá kjarasamningum á almennum vinnumarkaði fyrir næstum alla hópa sem til hans teljast. Í byrjun mars 2024 var gengið frá samningum SGS (Starfsgreinasambandsins), stóru félaganna Eflingar og VR, auk Samiðnar, um kjarasamning þar sem höfuðáherslan er á lækkun vaxta og verðbólgu og litlar launahækkanir á móti. Í þessum samningi er sérstakt ákvæði um ræstingarauka, sem skiptir máli fyrir talsvert stóran hóp Hlífarfólks.

Kjarasamningar til langs tíma

Samningurinn í mars lagði í raun línurnar fyrir þá samninga sem á eftir komu. Undir lok júní var samið við ríkið og síðan við sveitarfélögin snemma í júlí. Hlíf var aðili að öllum þessum samningum, að því undanskildu að félagið dró umboðið til baka frá SGS varðandi Hafnarfjarðarkaupstað. Þar var um slík sérmál að ræða, að þau féllu ekki að samningi SGS við sveitarfélögin og Hafnarfjarðarkaupstaður reyndist ófánlegur til að ræða þau mál efnislega á sama tíma og gengið var frá sveitarfélagasamningnum. Í samningum við ríkið og sveitarfélögin er ákvæði um að frá og með 1. nóvember 2024 verði vinnuvikan 36 stundir, en ekki 40 eins

og áður. Um leið er fallið frá hinum flóknu útfærslum á „styttingu vinnuvikunnar“, sem hafa verið meðal helstu verkefna starfsfólks verkalýðsfélaga frá því að um styttinguna var fyrst samið. Frá þessum samningum og átökunum við Hafnarfjarðarkaupstað er sagt annars staðar hér í Hjalmi.

Félagið gerði síðan kjarasamning, ásamt VSFK (Verkalýðs- og sjómannafélagi Keflavíkur og nágrennis), við Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu. Samningurinn er að flestu leyti byggður á ríkissamningi, en í honum eru þó þau nýmæli, að vísað er sérstaklega til vinnu starfshóps um mönnunarvanda á hjúkrunarheimilum og ákveðin viðbrögð í því sambandi. Samningurinn var undirritaður 30. október

SSSK (sjálfstæðir skólar) neita að semja

Einn er þó sá hópur sem ekki hefur reynst mögulegt að semja fyrir. Það er starfsfólk hjá sjálfstæðum skólum – Hjallastefnunni og Skólum ehf. Þetta er allstór hópur, hátt í 200 félagsmenn. Eftir að félagið hafði ekki verið virt viðlits svo mánuðum skipti, þrátt fyrir umleitanir og ítrekanir, vísaði félagið málinu til Ríkissáttasemjara. Þar voru haldnir tveir fundir, en rök og viðbrögð viðsemjenda voru með þeim hætti að sáttasemjari taldi ekki tilefni til frekari fundahalda. Fulltrúi SA (Samtaka atvinnulífsins), sem fór fyrir samtökum sjálfstæðra skóla, hélt því fram að ekki þyrfti að gera samning, þar sem samningur SGS við SA frá því í mars gildi fyrir þennan hóp. Samt er



SKRIFSTOFA
VERKALÝÐSFÉLAGSINS
HLÍFAR
Reykjavíkurvegi 64

OPNUNARTÍMI:

Mánudaga til föstudaga
frá kl. 8:15 til 16:00
Sími: 5100 800
Netfang: hlif@hlif.is

Veffang: [www.hlif.is](#)
Ábyrgðarmaður:
Eypór Þ. Árnason
Útgefandi: Verkalýðsfélagið Hlíf

Ritstjórn: Guðmundur Rúnar Árnason
Umbrot: Baldvin Baldvinsson
Prentun: Ísafoldarprentsmiðja
Ljósmyndir: Binni og fl.

ekkert í þeim samningi um leikskólastarfsfólk, hvorki starfsheiti né annað, enda hefur enginn nokkurn tíma litið svo á að þessi hópur tilheyrði þeim samningi. Þessu til viðbótar, hafa þessir skólar jafnan fylgt samningum við sveitarfélögin í flestum atriðum, greitt sama hlutfall í sömu sjóði og sveitarfélögin, en hlutfallið er um sumt frábrugðið því sem greitt er samkvæmt almenna kjarasamningnum. Skólarnir hafa jafnvel greitt í félagsmannasjóð, sem er ekki til í neinum öðrum samningi en sveitarfélagasamningnum.

Ljóst er að í þessu máli eru Samtök atvinnulífsins með innistæðulaus undanbrögð. Verkalýðsfélagið Hlíf mun ekki sætta sig við að Hlífar-starfsfólk skólanna sé í raun án kjarasamnings og mun beita öllum tiltækum ráðum til að draga þá sem eru í fyrirsvari fyrir skólana að samningaborðinu – jafnvel þótt það þurfi að gerast með fulltingi Félagsdóms.

Enn fjólgar í félaginu

Verkalýðsfélagið Hlíf heldur áfram að stækka og dafna. Jafnframt hefur fjölbreytileiki félagsmanna aukist, þeir eru frá fleiri löndum og hlutfall félagsmanna af erlendum uppruna heldur áfram að aukast. Þetta setur auknar kröfur á herðar okkur sem höfum verið valin til forystu og við verðum sífellt að vera vakandi



yfir því hvernig við náum til þessa hóps. Virkt vinnustaðaeftirlit er ein aðferðin, eins og meðal annars kemur fram í viðtali hér í blaðinu, við Gundegu, varaformann félagsins. Öflug þjónusta er annað, þar sem félögum gefst tækifæri til að sinna flestum erindum rafrænt þegar þeim hentar, eða koma á skrifstofuna. Trúnaðarmannakerfið er enn einn mikilvægur tengiliður milli félagsins og félagsmanna og undanfarið hefur verið gert myndarlegt átak í að þetta raðir trúnaðarmanna.

Félagsmenn kunna í vaxandi mæli að meta viðleitni stjórnar og starfsfólks til að leita nýrra leiða til að auka og efla þjónustu.

Það birtist meðal annars í aukinni virkni félagsmanna almennt, aukinni þátttöku þeirra í atkvæðagreiðslum og könnunum og niðurstöðum Gallup-könnunarinnar sem fjallað er lítillega um í þessu tölublaði Hjálms – 112 árum eftir að Hjálmur kom fyrst út.

Fyrir hönd stjórnar og starfsfólks Verkalýðsfélagsins Hlífar í Hafnarfirði, óska ég öllum félagsmönnum gleðilegrar hátíðar og velfarnaðar á árinu sem senn gengur í garð.

Eypór Þ. Árnason,
formaður Verkalýðsfélagsins Hlífar



Heimildamynd um sögu samtaka erfiðisvinnufólks

Verkalýðsfélagið Hlíf hefur ákveðið að ráðast í gerð kvikmyndar um sögu hafnfirskis erfiðisvinnufólks og samtaka þess. Kvikmyndin mun byggjast á ýmsum heimildum og í henni verður meðal annars fjallað um stofnun Verkmannafélagsins Hlífar árið 1907, fyrstu verkföllin og skiptinguna í karlafélagið Hlíf og kvennafélagið Framtíðina árið 1925 og farið yfir helstu verkefni félaganna og kjör og aðstæður verkafólks í árana rás. Einnig verður fjallað um

sameiningu félaganna tveggja um aldamótin 2000 og þróunina frá þeim tíma.

Samið hefur verið við Halldór Árna Sveinsson um gerð myndarinnar, sem unnin verður í góðu samráði við „ritnefnd“ á vegum félagsins, sem samanstendur af Kolbeini Gunnarssyni, fyrrum formanni, Gundegu Jaunlinina, varaformanni og Guðmundi Rúnari Árnasyni, framkvæmdastjóra.

Vinna er þegar hafin við að safna saman

myndefni sem vitað er að á að vera til. Þar á meðal á Halldór Árni sjálfur ómetanlegt safn viðtala við Hafnfirðinga, auk kvikmyndabúta frá ýmsum tilefnum og atburðum í bæjarlífinu undanfarna áratugi, heimildir og efnivið sem mun nú fá nýtt líf í kvikmyndinni.

Stefnt er að frumsýningu myndarinnar í ársbyrjun 2027, þegar 120 ár verða liðin frá stofnun Verkmannafélagsins Hlífar.

Sparaðu með Gildi

Séreignarsparnaður

Þú leggur til hliðar 2 til 4% af launum og færð 2% mótframlag (launahækkun) frá launagreiðenda.

Tilgreindur séreignarsparnaður

Af hefðbundnu 15,5% lífeyrisðgjaldi er hægt að ráðstafa 3,5% í tilgreinda séreign*

*Vakin er athygli á að greiðslur í tilgreinda séreign þýða að hefðbundin lífeyrisréttindi verða lægri en ella. Skoða þarf vel kosti og galla sparnaðarins áður en ákvörðun er tekin.

Veldu Gildi-lífeyrissjóð, það er:

Fljótlegt:	Einfalt að sækja um á gildi.is
Þægilegt:	Launagreiðandi sér um innborganir
Ódýrt:	Enginn upphafskostnaður og lágur árlegur kostnaður
Sveigjanlegt:	Enginn binditími
Hagkvæmt:	Enginn fjármagnstekjuskattur af vaxtatekjum

Sparnaðinn er hægt að nota skattfrjálst við kaup á fasteign og til að greiða niður fasteignalán. Hann erfst einnig til löngingja.



Guðrúnartúni 1, 105 Reykjavík

sími 515 4700

gildi@gildi.is

Í klettunum þar sem nú er Sundhöllin.
Myndin er tekin um 1930. (Byggðasafnið)

Fáninn sem Sígga saumaði og færði
Framtíðinni árið 1930.

Engar framfarir fyrr en verkalýðsfélögin komu til sögunnar

sagði Sigríður Erlendsdóttir

- Sígga Ellindar í Siggubæ

Margir Hafnfirðingar þekkja Siggubæ, sem skagar út í Hellisgötu, gegnt Hellisgerði, þótt húsið standi að nafninu til við Kirkjuveg. Þó er líklegt að einungis þeir sem eldri eru, muni eftir íbúum Siggubæjar og Sigríði Erlendsdóttur, sem bærinn er kenndur við. Sigríður, eða Sígga Ellindar eins og hún var oftast kölluð, var stórmérkileg kona sem skilur eftir sig djúp spor í bæjarlífinu.

Sigríður var virk í baráttu fyrir jafnrétti og bættum kjörum alþýðufólks og fékk réttlætiskenndina í vöggugjöf. Sigríður fæddist 17. júlí árið 1892, að Merkinesi í Höfnum. Hún var eina barn Erlendar Marteinssonar og



Fermingarmynd frá 1905. (Byggðasafnið)

Sigurveigar Einarsdóttur. Erlendur var fæddur árið 1865, en Sigurveig var þremur árum yngri. Þau fluttu til Hafnarfjarðar, þar sem Erlendur réði sig í vinnu hjá Ágústi Flygenring. Árið 1902 reisti Erlendur hús yfir fjölskylduna, fyrir lánsfé frá Ágústi. Húsið stendur þar sem Kirkjuvegur og Hellisgata mætast og gengur undir nafninu Siggubær. Erlendur lést árið 1935 en þær mæðgur bjuggu áfram í Siggubæ. Sigurveig lést árið 1968, rúmlega 100 ára.

Tók þátt í fyrsta verkfallinu

Sígga byrjaði að vinna launavinnu þegar hana vantaði mánuð í að verða 10 ára. Þá vann hún við að breiða saltfisk til þerris. Alþýðublað Hafnarfjarðar tók viðtal við Síggu árið 1975, þegar hún var 82 ára gömul, þar sem hún segir frá þessu. Í viðtalinu segir Sigríður: „Annars voru framfarir engar fyrr en verkalýðsfélögin komu til sögunnar. Það gerðist hér 1907, þegar Hlíf var stofnuð, en hún var í fyrstu sameiginlegt félag verkakvenna og verkamanna, eða þar til Framtíðin var stofnuð árið 1925.“ Og áfram heldur Sigríður og rekur aðdraganda verkfalls sem hún tók þátt í, sem mun vera fyrsta verkfall á Íslandi. „Ég man vel eftir fyrsta verkfallinu, sem ég tók þátt í skömmu eftir stofnun Hlífar. Það má reyndar mikið vera, ef það var ekki fyrsta verkfall verkakvenna á Íslandi. Fiskurinn var breiddur að morgni og svo neituðum við að taka hann saman nema kaupíð yrði hækkað. Náttúran var okkur hliðholl, því að það gerði

skúr og ekki varð hjá því komist að taka fiskinn saman. Þetta var hitamál í bænum. Það var samið og kaupíð hækkað úr tólf og hálfum eyri á klukkustund í 15 aura.“

Sigríður lét fljótt til sín taka í Verkakvennafélaginu Framtíðinni, eftir að konur klufu sig úr Hlíf til að stofna sitt eigið félag, árið 1925. Hún var kjörin í fyrstu samninganefnd félagsins, ári eftir stofnun þess.

Hafði forgöngu um stofnun dagheimilis

Þrátt fyrir að Sigríður væri barnlaus, áttaði hún sig á mikilvægi þess að konur með börn ættu kost á dagvistun fyrir þau, ekki síst þegar þrengdi að hag verkafólks, til dæmis vegna efnahagsþrenginga af ýmsum ástæðum. Hún



Tekið um 1940.
Ljósmyndari
óþekktur.
(Byggðasafnið)

tók málið upp á félagsfundi í Framtíðinni í mars árið 1932, og stakk upp á að félagið tæki forystu í að koma slíkri starfsemi á fót. Ári síðar var samþykkt að fela stjórn félagsins að hefja undirbúning að stofnun dagheimilis. Það tók

síðan til starfa sama ár, í gamla barnaskólanum við Suðurgötu. Fyrst um sinn var dagheimilið rekið yfir sumarmánuðina, en árið 1934 vakti Sigríður máls á því að komið væri upp sérstöku húsi fyrir starfsemina – og smíði dagheimilisins við Hörðuvelli hófst vorið 1935, þar sem það tók til starfa þá um sumarið. Það var rekið til 1939, en þá var starfsemi hætt um tíma, af ótta við loftárásir. Starfsemin fór aftur af stað í stríðslok og nokkrum árum síðar var opnað fyrir heilsársstarfsemi. Árið 1954 – enn að frumkvæði Sigríðar, var ráðist í stækkun, sem var tekin í notkun árið 1957. Í riti sem var gefið út í tilefni af 60 ára afmæli Framtíðarinnar segir: „Á engan er hallað, þótt fullyrt sé, að ekki hafi nokkur ein kona lagt fram jafnmikið starf í þágu dagheimilisins og Sigríður Erlendsdóttir. Hún átti hugmyndina að stofnun þess og var formaður dagheimilisnefndar í 24 ár. Hinn 5. febrúar 1970 stofnaði Sigríður sjóð til minningar um foreldra sína, Erlend Marteinson og Sigurveigu Einarsdóttur, með 50.000 króna framlagi og afhenti dagheimilinu sjóðinn til eignar.“



Sigríður lét til sín taka í félagsstörfum viðar en í verkalyðsfélaginu. Hér er hún með stjórn Kvenfélags Alþýðuflokksins 1952. (Byggðasafnið)

Sýnishorn af gömlu verkamannsheimili

Sigríður var einhleyp og barnlaus. Allt sitt líf hafði hún hugann við hagsmuni almennings og með hvaða hætti hún gæti lagt almennungi lið. Það viðhorf gekk raunar út yfir gróf og dauða, því hún ánaðnaði hafnfirskri alþýðu eigur sínar, að henni látinni. Í svokallaðri Arfleðsluskrá, sem hún undirritaði þann 9. janúar 1970, ánaðnar hún Hafnarfjarðarbæ húseignina Kirkjuveg 10: „... með


því skilyrði, að byggðasafn hafi verið stofnsett, þegar ég andast og að byggðasafnið vilji varðveita íbúðarhúsið óbreytt með þeim munum, sem í því eru, og til þess þykja hæfir sem sýnishorn af gömlu verkamannsheimili í Hafnarfirði. Ekki er skilyrði, að húsið sé á þeim stað, sem það er nú. Ef byggðasafn hefir ekki verið stofnað við andlát mitt, skulu húsin og lausafjármunir seld og andvirðið renna til minningarsjóðs foreldra

minna. Sama gildir, ef Hafnarfjarðarbær vill ekki veita íbúðarhúsinu viðtöku með framangreindum skilmálum, þótt byggðasafn hafi verið stofnað við andlát mitt.“

Þetta hefur gengið eftir. Siggubær var opnaður almennungi á 80 ára afmæli bæjarins í byrjun júní 1988 og er húsið með innanstokksmunum í umsjá Byggðasafnsins, sem sinnir því með sóma.



Sigríður ásamt samstarfsfólki hjá Bookless, Vesturgötu 32. Tekið um 1930. (Byggðasafnið)



Minningarsjóður Erlendar og Sigurveigar

Í arfleðsluskránni er jafnframt kveðið á um stofnun minningarsjóðs um foreldra Sigríðar. „Peningum, verðbréfum og andvirði lóðarréttinda skal varið til stofnunar minningarsjóðs um foreldra mína, Erlend Marteinson og Sigurveigu Einarsdóttur. Hlutverk sjóðsins er að styrkja fátæk börn, eitt eða fleiri, eftir ástæðum til dvalar í dagheimili Verkakvennafélagsins Framtíðin í Hafnarfirði,

eða annari hliðstæðri stofnun, ef dvalarheimilið (! – á væntanlega að vera dagheimilið) verður lagt niður. Sjóðurinn skal ávaxta undir stjórn Verkakvennafélagsins Framtíðin eða annars hliðstæðs félags, ef það félag verður lagt niður.“

Sjóðurinn er í umsjá Verkalýðsfélagsins Hlífar, eftir að Framtíðin og Hlíf sameinuðust um aldamótin 2000.

Máttarstólpi í hafnfirsku samfélagi

Ljóst má vera, að Sigga Ellindar var



Mynd tekin eftir 1910 hjá Carlí Ólafssyni ljósmyndara.
(Byggðasafnið)



Vatnslitamynd eftir Jón Gunnarsson af Siggubæ hangir uppi á skrifstofu Hlífar

máttarstólpi í samfélaginu. Allir Hafnfirðingar, en þó einkum hafnfirskt alþýðufólk, á henni margt að þakka eins og fram hefur komið. Siggubær er aðgengilegur og sýnir hafnfirskt alþýðuheimili eins og þau voru á fyrri hluta 20. aldarinnar. Sigga var brautryðjandi í verkalýðsbaráttu, tók þátt í fyrsta verkfalli á Íslandi, beitti sér fyrir stofnun fyrsta dagheimilisins í bænum og var í dagheimilisnefnd í aldarfjórðung. Hún sat í stjórn Framtíðarinnar í einn og hálfan áratug, þó ekki samfelld, og var útnefnd heiðursfélagi árið 1975. Auk þess saumaði Sigríður fána félagsins, sem var afhentur á aðalfundi þann 20. janúar árið 1930. Fáninn er varðveittur á skrifstofu Hlífar.

Sigríður Erlendsdóttir – Sigga Ellindar – lést 27. september 1980, 88 ára. Blessuð sé minning hennar.

Þetta er ekkert annað en nútímaþrælahald

segir Gundega Jaunlinina, varaformaður Hlífar, um meðferð á starfsmönnum starfsmannaleigu



Sjónvarpsþátturinn Kveikur, sem var sýndur var í september 2024, opnaði augu margra fyrir dökkum bletti á íslenskum vinnumarkaði, vinnumansali. Rakin voru ljót dæmi um framkomu sumra íslenskra starfsmannaleiga í garð einstaklinga sem leigurnar höfðu tælt til landsins með gylliboðum. Þátturinn var ekki síst byggður á viðtölum við einstaklinga sem höfðu leitað ásjár hjá Verkalýðsfélaginu Hlíf. Jafnframt var talsvert rætt við Gundegu Jaunlinina, varaformann félagsins, en hún fór meðal annars með stjórnendum Kveiks til Lettlands þegar þátturinn var í undirbúningi.

Gundega segir, að málið hafi í rauninni byrjað frekar óvænt og tilviljanakennt. „Þetta byrjaði rétt fyrir páska árið 2023. Þá komu hingað þrír einstaklingar sama dag, frá sama fyrirtækinu, og kvörtuðu undan fyrirtækinu sem þeir störfuðu hjá. Fyrst voru þeir aðallega að forvitnast um hvaða réttindi þeir hefðu á íslenskum vinnumarkaði. Þá kom í ljós að ýmsu var ábótavant,” segir Gundega. Málið vatt hratt upp á sig. Fljótt kom í ljós í samskiptum, að mennirnir voru frá Lettlandi eins og Gundega og gátu því talað sitt eigið móðurmál. Það hjálpaði til við að brjóta ísinn. „Þeir virtust treysta okkur betur og áttu auðveldara með að útskýra málin og við að skilja.”

Mál fyrir dómstólum

Síðan hélt þetta áfram. Fleiri komu frá sama vinnustað. Fyrirtækið fékk væntanlega vitneskju um að mennirnir hefðu komið hingað að tala við félagið. Aðspurð um fyrirtækið, segir Gundega að það sé starfsmannaleigan

Seigla, sem flytur inn fólk frá Austur-Evrópu, aðallega frá Lettlandi, en líka Litháa, Pólverja, Úkraínumenn, Rúmena og fleiri. „Samkvæmt okkar upplýsingum eru um 130 manns í einu hér á vegum fyrirtækisins. Þeir eru í fleiri en einu verkalýðsfélagi og margir ekki í neinu félagi. Við erum ekki með nákvæma tölu.” Aðspurð hve margir hafi leitað ásjár félagsins, áttlar hún að það hafi verið að minnsta kosti 40 manns. „Um 35 mál eru opin í meðferð hjá lögmanni félagsins. Hann hefur stefnt í einu þeirra og það mál hefur þegar farið í fyrirtöku. Það mál er fordæmisgefandi, sem þýðir að niðurstaðan mun gilda fyrir flest hinna málanna.” Að sögn Gundegu snúast þessi mál um að folkið sé tælt hingað, fái ekki nema 70% ráðningu og fái ekki greidda yfirvinnu fyrr en það vinnur meira en 100%, sem gildi um flesta. „Þetta eru einstaklingsmálin sem við getum sótt fyrir dómstólum, mál sem snúast um að verið sé að svindla á þeim í launum. En það eru önnur og enn þá alvarlegri mál sem þarf að taka á með öðrum hætti og við höfum ekki lögsögu í.”

Sykurhúðuð loforð

Gundega segir folkið yfirleitt koma til Íslands í kjölfar þess að hafa lesið auglýsingu á Facebook í heimalandinu, eða að einhver hefur hringt í viðkomandi og boðið gull og græna skóga. „Launin sem eru boðin eru um 3-4.000 evrur á mánuði, eftir skatta. Svo er lofað ferðum í og úr vinnu, húsnæði og fleira. Þetta eru sykurhúðuð loforð. Yfirleitt eru þeir komnir til landsins nokkrum dögum eftir að þeir svara auglýsingunni.”

Þegar hingað kemur blasi við önnur mynd. Margir eru látnir búa saman í atvinnuhúsnæði sem búið er að stúka af og búa til einhvers konar herbergi, mörg gluggalaus með loftræstitúðu í horninu. „Þessum aðstæðum fylgir oft mikil óregla,” segir Gundega. „Þetta eru oftast einstaklingar sem búa ekki við tryggar aðstæður í heimalandinu, bregðast við einhverju gylliboði, skilja allt eftir og fljúga á framandi slóðir. Þetta eru einstaklingar í viðkvæmri stöðu. Þeir hafa engu að tapa. Það er mikil drykkja, við höfum heyrt um mikla eiturfyllingarslysu í húsnæðinu, slagsmál og fleira sem fylgir mikilli neyslu.”

Kom á skrifstofuna illa til reika

Eitt fyrsta málið sem rak á fjórum starfsfólks félagsins var maður sem leitaði á skrifstofuna, hann hafði orðið fyrir líkamsárás í húsnæðinu þar sem hann bjó ásamt öðrum og var illa á sig kominn. „Hann var ekki vinnufær og illa farinn. Þá fórum við að leita leiða til að aðstoða hann. Félagið hefur engin tæki og tól til að taka á slíkum aðstæðum. Við höfðum samband við ýmsa aðila til að fá svör við hvað við ættum að gera. Við höfðum samband við Bjarkarhlíð, sem eru samtök sem vinna fyrir þolendur ofbeldis og þar er vinnumansalsteymi sem fæst við svona hluti. Í teyminu sitja aðilar frá Bjarkarhlíð, Vinnumálastofnun, félagsþjónustu, lögreglunni, ASÍ og stundum fleirum.” Gundega segir teymið hafa hjálpað mikið, sérstaklega í upphafi. „Þetta byrjaði með þessa fáu einstaklinga, en síðan bættist stöðugt í og þegar mest gekk á vorum við með sex einstaklinga á götunni, sem var

búið að henda út úr húsnæðinu. Þeir voru ekki með neina peninga, fengu ekki greidd laun sem þeir áttu inni. Þetta fólk er ekki með neitt bakland. Þá var fundað mjög reglulega.”Teymið virðist aftur á móti hafa takmörkuð úrræði, enda sé það aðallega samráðshópur. „Teymið tekur ákvarðanir um hvert sé best að vísa málinu. Það var opin rannsókn í gangi hjá lögreglu og er enn opin. Hún hefur líklega kólnað talsvert, því lögreglan virðist ekki hafa tíma og mannskap til að fást við svona mál.”

Gundega segir starfsemi Seiglu enn í gangi og enn sé fólk að koma til félagsins með mál af því tagi sem hún hefur lýst. „Málin sem við fáum til okkar eru oftast mjög svipuð. Vangoldin laun, ekki staðið við loforð. Oft hafa mennirnir ekki vinnu, ekki mat og enga peninga. Þegar þeir kvarta eða reyna að ræða við eiganda fyrirtækisins um réttindi, þá er þeim hent út. Meðalstarfsaldur hjá fyrirtækinu er um þrír mánuðir. Viðskiptamódelið virkar fínt á meðan enginn sem hefur til þess úrræði grípur í taumana. Fyrirtækið virðist einhvern veginn alltaf ná að halda áfram starfsemi. Þetta er náttúrulega fyrirtæki sem er búið að fara tvisvar sinnum í gjaldþrot, en það er alltaf búin til ný kennitala og svo er haldið áfram.”



Vont viðskiptamódel

Eitt af því sem þarf að gera í gegnum löggjöf er að treysta ábyrgð þess sem kaupir vinnu þessara manna af starfsmannaleigunni. Keðjuábyrgðin nái ekki nema þrjá mánuði aftur í tímann og sé löngu útrunnin áður en niðurstaða fái st í mál. Stundum viti verkkaupinn ekkert um brotin og hvað er í gangi hjá starfsmannaleigunni og verkkauparnir séu líka

mismunandi. „Það eru alls ekki öll fyrirtækin jafn vond, en módelið er vont í eðli sínu.”
Að sögn Gundegu verði löggjafinn að grípa í taumana. „Það þarf að setja þessari starfsemi þrengri ramma. Persónulega gréti ég það ekki ef starfsmannaleigur væru einfaldlega ekki leyfðar. Það er verið að flytja og nota menn eins og þeir væru vinnuvélar. Það er ekkert annað en nútíma þrælahald”, segir Gundega að lokum.



Stutt að fara og mórallinn er góður

Segir Kristjana Jóhannesdóttir, umsjónarmaður skilagreina og innheimtu

Kristjana Jóhannesdóttir hóf störf á skrifstofu Hlífar 8. febrúar 2024. Hún var valin úr hópi næstum 100 umsækjenda. Upphaflega fólst starfið einkum í að afgreiða skilagreinar sem berast rafrænt inn í félagakerfið, athuga hvort þær eru réttar og leiðréttar ef svo er ekki. Í starfinu felast ýmis samskipti við launagreiðendur, ekki síst ef villur leynast í skilagreinum. Hún hefur talsvert sinnt afstemmingum og síðast en ekki síst, hefur Kristjana fylgt eftir innheimtu þegar vanskil hafa orðið, sem kallar líka á ákveðin og góð samskipti við launagreiðendur. Eftir að Kristjana tók við því verkefni, hefur verulega dregið úr vanskilum. Gert er ráð fyrir að á árinu 2025 taki Kristjana yfir ýmis bókunarverkefni.
Kristjana er fædd og uppalin í Grindavík og bjó þar til tuttugu og eins árs aldurs, en flutti þá til Djúpavogs, þar sem hún bjó um þrettán ára skeið. Þar kynntist hún eiginmanni sínum, Sigvalda Hafsteini Jónssyni, en hann er úr Berufirðinum. Börnin eru þrjú, það elsta fertugt og það yngsta þrítugt og fimm barnabörn – „... og núna á ég von á einu barnabarnabarni”, segir Kristjana og brosir breitt. Fjölskyldan flutti til Hafnarfjarðar 1998 og hefur verið hér síðan.

Fjölbreytt starfsreynsla

Kristjana hefur starfað ýmislegt eins og gengur og gerist. Hún vann í fiski á yngri árum, vann í verslunum, tók að sér bókhald fyrir ýmsa en var síðan bókarari á skrifstofu Djúpavogshrepps. Þegar fjölskyldan flutti til Hafnarfjarðar fór hún að læra meira um bókhald. Kristjana vann síðan við bókhald hjá Advania í 23 ár. „Þá fannst mér það orðið gott og sagði upp. Þegar ég sá auglýst starfið hér, sótti ég um. Það hentar mjög vel, því það er á mínu sviði, stutt að fara í vinnuna og góður andi.” Kristjana segir starfið eiga vel við sig. „Það er stutt að fara, góður mórall og ekkert stress í kringum mánaðamót. Mér liður vel herna og vonast til að geta haldið áfram”, segir Kristjana að lokum.



VERKALÝÐSFÉLAGIÐ HLÍF

Mínar síður slá í gegn

Gallupkönnun



Líkt og undanfarin ár lét félagið Gallup gera könnun á ýmsum þáttum sem lúta að stöðu félagsfólks og viðhorfum, í samvinnu við Stéttarfélag Vesturlands. Upplýsingar af þessu tagi eru mikilvægar í allri stefnumótun félaganna. Þær gefa okkur sem störfum í félögunum „punktmælingu“, segja okkur hvernig staðan er núna varðandi það sem spurt er um. Á sama tíma gefa þær mikilsverðar upplýsingar um þróun, því í mörgum tilvikum er sömu spurninga spurt ár eftir ár. Hér á eftir er fjallað stuttlega um nokkur atriði úr könnuninni.

Ein af athyglisverðustu niðurstöðum könnunarinnar er sú breyting sem hefur orðið á húsnæðisaðstæðum félagsmanna á tímabilinu frá 2018 til dagsins í dag. Árið 2018

bjuggu um 62% í eigin húsnæði og um 27% í leiguhúsnæði. Í dag býr einungis um þriðjungur þeirra félagsmanna sem svara könnuninni í eigin húsnæði en meira en helmingur í leiguhúsnæði.

Auknar áhyggjur og erfiðleikar

Aukinn fjöldi félagsmanna hefur nú áhyggjur af fjárhagsstöðu sinni, miðað við árin á undan. Árið 2021 hafði rúmur þriðjungur (37,4%) fremur eða mjög miklar áhyggjur af fjárhagsstöðu sinni. Árið eftir var hlutfallið 40,1%, árið 2023 var það komið í 48,8% og á þessu ári hefur meira en helmingur áhyggjur af fjárhagsstöðunni, eða 52,6%. Á síðustu 12 mánuðum hefur jafnframt fjölgað þeim


sem eiga í erfiðleikum með að standa skil á húsnæðiskostnaði almennt; svo sem afborganir af húsnæðislánum, húsaleigu, viðhald og rekstrarkostnað húsnæðis. Hlutfall þeirra sem eiga í frekar eða mjög miklum vandræðum hefur hækkað, er nú 22,8% en var 18,7% í fyrra.

Almennt virðast félagsmenn eiga í meiri erfiðleikum með að ná endum saman í ár, en undanfarin tvö ár. Hlutfall þeirra sem gengur heldur eða mun verr að ná endum saman var um 37-38% árin 2022 og 2023, en er á þessu ári komið í 45,5%.

Viðhorf til félagsins

Enn eykst jákvæðni félagsmanna til að taka þátt í starfi á vegum félagsins. Þeim fjölgar þannig

Húsnæðisaðstæður svarenda





hlutfallslega sem voru mjög eða frekar jákvæðir, úr 59% árið 2019, í 63,9% í dag. Það er ef til vill ekki stórt stökk á sex árum, en það vekur sérstaka athygli, að þeim sem segjast vera mjög jákvæðir gagnvart því að taka þátt í starfinu fjölgar jafnt og þétt, úr 16,4% árið 2019, í 29,7% í dag.

Svipað er uppi á teningnum þegar spurt var hversu vel eða illa félögum þætti Hlíf standa sig í að berjast fyrir hagsmunum félagsmanna sinna. Árið 2019 sagði rúmur helmingur félagið standa sig vel, en núna er hlutfallið 62,3%. Þeim sem segja félagið standa sig mjög vel hvað þetta varðar fjölgar úr 13,4% árið 2019 í 26,1%. Almennt eru ríflega tveir af hverjum þremur félögum ánægðir með þjónustu félagsins og einungis 4,5% óánægðir.

Mjög mikil notkun á mínum síðum

Ekki er liðinn langur tími síðan félagið tók í gagnið „Mínar síður“. Ekki er fjarri lagi að þetta sé annað starfsárið sem þær eru í fullum rekstri. Í könnuninni núna var í fyrsta skipti spurt hvort viðkomandi hefði notað mínar síður hjá félaginu

á síðustu 12 mánuðum. Svarið var afgerandi, því 63,5% svarenda sögðust hafa nýtt sér mínar síður á árinu. Konur eru duglegri í þessu sambandi, því alls svöruðu 67% þeirra játandi, en 58% karla. Yngra fólk svaraði jafnframt frekar játandi en þeir sem eldri eru.


Þeir sem svöruðu játandi, voru spurðir í hverju notkunin væri helst fólgin. Næstum

helmingur nýtir þær í að sækja um fræðslustyrki eða heilsuefingarstyrki, rúmur þriðjungur til að kanna réttindi og annar þriðjungur til að sækja um orlofshús. Um 10% notenda segjast nota mínar síður til að sækja um sjúkradagpeninga.


Af ofangreindu er því ljóst, að félagar kunna vel að meta þau skref sem félagið hefur tekið í átt að rafrænni þjónustu, þar sem félagsmaðurinn getur sinnt sínum erindum þar sem hann er og þegar honum hentar. Um 95% skrá sig inn á mínar síður með rafrænum skilríkjum.

Af þeim sem hafa nýtt sér mínar síður eru 63% sátt og innan við 8% ósátt. Þetta þýðir, að af þeim sem tóku afstöðu á annan hvort veginn, eru tæp 90% sátt.

Í könnuninni er mjög margt fleira að finna en það sem hér hefur verið drepði á. Í henni eru til dæmis mikilvægar upplýsingar um breytingar og þróun launa, vinnutíma, brot á vinnumarkaði, samskipti við atvinnurekendur og margt fleira, auk þess sem hægt er að greina flesta hluti betur og skoða mun milli aldurshópa, kynja, starfsgreina og fjölmargra annarra bakgrunnspáttá.



Viðhorf til þátttöku í starfi félagsins





Hjálmur

fyrir 110 árum

Inngangur

Líkt og undanfarin ár lítum við til baka og birtum glefsur úr Hjálmi fyrir 110 árum. Finna má ýmis gullkorn og fjölbreytt umfjöllunarefni í handskrifuðum tölublöðum Hjárms, sem hvert og eitt var í einu eintaki og sem lesið var upp úr á fundum í verkalýðsfélaginu á fyrstu árunum.

Árið 1914 velti félagsmaður því fyrir sér



hvað væri hægt að gera í atvinnubresti – rækta kartöflur eða kaupa togara.

Annar félagsmaður yrkir óð til Hafnarfjarðar, bæjarstæðisins, lækjarins, náttúrulegrar hafnarinnar og mannlífsins. Merkja má í ljóðinu, sem merkt er upphafsstöfunum JG, að höfundur hefur verið Hlífarmaður, því nokkur erindanna eru tileinkuð félagsanda og félaginu sjálfu „Æðstu blómin andans-hlíðar, ókunnugur hér ég fann, samúð hreina, sálir blíðar, sérdeilis í Hlífar-rann“.

Hér er einnig birt stutt frásögn félagsmanns af sjóferð austur á firði í atvinnuleit, þar sem höfundur beinir einkum sjónum að því sem fyrir ber í ferðinni. Víst er að sumt af því hefur honum þótt framandlegt þótt nútímafólki þyki það heldur hversdagslegt, ef frá eru taldar reykingar og drykkja drengstaula nokkurs.

Í Hjálmi frá 1914 er einnig að finna vangaveltur um kjarabaraáttu dagsins, hvort fara skuli fram af hörku, eða hvort gengið geti af fyrirtækjum dauðum að sýna þeim hnefann. Þetta eru kunnugleg stef í umræðu dagsins í dag, þótt framsetningin sé okkur ef til vill framandi.

Fleira var fjallað um. Ritstjórinn birtir þakkir fyrir fjárhagslegan stuðning frá félaginu, bæði vegna veikinda og þeirra óeigingjörnu verka sem hann sinnti í þágu félagsins. Og fram kemur líka í orðum hans, eins og margir ritstjórar félagsblaða fyrr og síðar þekkja, að ekki er alltaf auðvelt að fá



efni frá félagsmönnum til birtingar.

Við endurbirtingu gömlu og góðu efnispáttanna úr Hjálmi stendur ritstjóri blaðsins í dag frammi fyrir þeim ákvörðunum, hvort eigi að „leiðrétta“ stafsetningu efnisins, miðað við nútíma málreglur, eða vera algerlega trúr handskrifaða frumtextanum og láta efnið birtast óbreytt hér? Ritstjóri velur almennt síðari kostinn, en ef misræmi er milli sömu orða innan textans er reynt að færa það til betri vegar með lágmarksbreytingum.

Hægt er að nálgast Hjálmi frá upphafi á www.timarit.is.



Úr Hjúlmi 2.12. 1914

Framtíðarhorfur Hafnarfjarðar: Hvert stefnir?

Þannig hljóðandi spurning kemur oft fram í huga mínum á þessum verstu og síðustu tímum og býst ég við að hún hreifi sér hjá fleirum, því varla getur það glæsilegt kallast að horfa framundann, fyrir þá sem ekki hafa annað sér til stuðnings en sínar einu erviðis-hendur til framfærslu sér og sínum. Ætla ég þá fyrst að draga með örfáum dráttum yfirlit yfir það sem er, þótt það megi flestum full-ljóst vera, og síðan koma með – eða leitast við að koma með – fáar bendingar – þótt ófullkomnar séu, með hverjum reyna mætti að bæta eitthvað kjör okkar verkamanna, þau er mér sýnist bíða okkar í nánustu framtíð. Fyrir fáum árum var hér all-álitlegur fiskiskipa-floti, 12-13 skip, sem menn réttilega bygðu sínar framtíðar vonir á, og sem voru að talsverðu leyti innlend eign, en nú eru þau aðeins 3-4, en fólki hefur aftur á móti fjölgað afar-mikið.

Hvað veldur svo þessari miklu fækkun skipanna? Það er auðvitað nokkuð margt. Útgerðarmenn eiga þar sinn hlut að málum, og við sjómenn okkar hlut, og er það sorgar saga, það er í fæstum orðum sagt, óhlutvendnin hjá báðum hefur eyðilagt skipastofninn. Hingað koma aðeins togarar sem eru útlend eign, og allir viljum vér þyrpast á þá, eins og hlutakonur en enginn fæst á þilskipin sem fullvel hafa haldið uppi sjóplássunum undanfarið, við köllum þau manndrápsbolla sem enginn ætti að fara úti, og verður afleiðingin sú, að eigendurnir verða fegnir að losast við þau fyrir eitthvert verð. Við horfum hlajandi á eftir þeim og þykir leitt hve illa þeim gengur að komast úr auglýsni. Við stöndum kyrrir, og horfum eingöngu á útlendu togarana – þessa einu stjörnu sem hætt getur að skína þegar minst varir, og það þó öðruvísi horfi við en nú er. Ég neita því alls ekki að margur hefur haft góða atvinnu undanfarið, á þessum skipum, en „svo bregðast krosstré sem önnur tré“ og þannig getur það farið – ef til vill – strax í vetur.

Hvað skeður þá? Við gaungum auðvitað atvinnulausir á okkar eigin glappaskotum fullir gremju og sjáum þá fyrst, hvað við höfum gert og hvað við hefðum þurft og átt að gera.

Mér finst við standa á alvarlegum tímamótum í þessu máli, því ég vil meina að hvar sem við leitum kringum landið, sé atvinnugreinin hvergi eins haldlaus og fúin sem hér hjá oss, sem sjá má þegar mál það er vel til mergjar krufið.

Við erum að vissu leyti hættir að reyna til að bjarga okkur sjálfir en vörpum allri okkar áhyggju upp á útlendinga, hvort sem þeim þóknast að koma og veita okkur atvinnu eða ekki. Þetta mál hefur að vísu lítilsháttar áður verið athugað, en framkvæmdirnar hafa litlum áhuga lýst. Hvað á að gjöra? Ég býst við að mér gangi tregt að svara því, svo að gagni komi eða svo vit sé í, en ýmislegt hygg ég samt að gera mætti til að tryggja efnahaginn, og sem bót væri í, þótt ekki kæmi að fullum notum. Árlega eru fluttar kartöflur til landsins, fyrir krónur sem skifta tugum þúsunda, gætum við ekki lagt hönd á plógjinn til að minnka þá summu, þó ekki væri nema sá partur sem við notum sjálfir? Hér er, – svo sem víða annarsstaðar – mikið land ónotað, og sem ég gjöri ráð fyrir að fást mundi til ræktunar.

Ég býst við að mér verði því hér til svarað, að kartöflurækt borgi sig ekki, hitt mun þó sanni nær, að víðast þar sem hún er með alúð stunduð og rétt er að farið, mun hún borga sig vel, nema þegar sérstök óáran hindrar það sem annað. Það er þó sannleikur, að betra er að gera það en ekki neitt, og fleira er gjört en það sem leggur peninginn í lófann að loknu verki.

Hér hagar svo til, að lítt er mögulegt að stunda sjó á opnum skipum, því bísna langt er að sækja á fiskistöðvar, auk þess hvað veðurátta er miklu verri en áður var, en á bifbátum væri það miklu hægara, og nú eru þeir ekki til.

Heyrt hef ég að sönnu, að sú útgerð svari ekki kostnaði, getur vel verið að hún gefi sjaldnast af sér nógann arð, en rétt skoðað, er það samt gróður, þegar hægt er að borga rentur og afborgun, og þeir sem það stunda hafa góða atvinnu, og er þá tilganginum að miklu leyti náð. Ég veit að það væri langt og ervitt fyrir okkur úr Hafnarfirði að nota þannig lagaða sjósókn, en þar sem t.d. Vatnsleysmenn geta það, ætti það ekki að vera ókleyft fyrir okkur.

Við höfum ýms þau þægindi sem þeir hafa ekki, sem sé góð höfn, Íshús og bryggja til að lenda við, og munar það miklu við hitt, að flytja aflann selflutning í land, svo sem þeir verða að gera. Þá eru þilskipin, sem við áður höfum fordæmt. Eitthvað mun enn vera eftir af þeim í Reykjavík, þó mörg séu farin. Væri ekki reynandi að fá eitt eða fleiri á leigu, þó það sé hart eftir þann dóm sem við höfum upp kveðið yfir þeim, að taka þann kostinn, en sætt er sameiginlegt skipbrot. Svo kem ég með síðustu uppástungu mína sem ég hef geymt þar til nú, því hún þykir sjálfsagt stærri vitleysa en hinar allar til saman, en „flestu held ég finnast vörn, ef fallega á er haldið“ sagði Sig. Breiðfjörð. Væri það nú óhugsandi fyrir verkmanafélagið, að kaupa togara? Ég veit menn muni nú hrista höfuðin og spyrja. Fyrir hvað á að kaupa?

Mín hugmynd er þá sú. Ef alvarlegt atvinnuleysi kemur á daginn, vita allir vel hvað af því leiðir, og við það mundu bankarnir bíða tjón ei all-lítið, gæti ekki skeð að þeir vildu gera alt sem í þeirra valdi stæði, til að afstýra því, og lána jafnvel alla þá upphæð sem með þyrfti, með því skilyrði að bæjarsjóður Hafnarfjarðar stæði á bak við, því það væri honum skylt. Ég veit að sönnu að áhættan væri mikil fyrst í stað, en á góðu skipi með ábyggilegum skipstjóra, ætti það að geta gengið vel og orðið að góðu, eftir þeirri reynslu sem fengin er við þá útgerð undanfarin ár.

Réttmætt fyndist mér það einnig að bæjarsjóður fengi einhverjar vissar prósentur af nettó-gróða skipsins, meðan hann stæði á bak við fyrirtækið. Ég hef slegið þessum hugmyndum fram þótt þær séu ófullkomnar og vanhugsaðar og bið menn að virða á betra veg, líka meðfram til að leitast við að vekja menn til umhugsunar um þessi alvarlegu mál, atvinnumálin. Það er sjáanlegt að eitthvað verðum við að gera annað en það, að byggja allar okkar framtíðar vonir á öðrum, við verðum að reyna á einhvern hátt að bjarga okkur sjálfir, gerum við það ekki, fáum við og bæjarfélagið í heild sinni, að kenna á dádleysi voru fyrr eða síðar.

Ég enda svo þessar línur með þeirri ósk og von að verkmanafélagið – sem bæði ég og aðrir byggjum góðar vonir á – bregðist ekki því trausti að taka þetta mál til alvarlegrar íhugunar, hafandi það hugfast, að hin réttasta braut sem við getum valið okkur er sú, að tryggja atvinnuna af eigin ramleik og sjálfsdáðum og hafa það jafnan hugfast að félag vort er í því augnamiði stofnað, að bæta kjör og efla sjálfstæði, og gleymum því aldrei að sameinaðir stöndum vér, en sundraðir föllum, og legg ég svo frá mér pennann með vonum alls hins besta.

Héðinn



Úr Hjálmi 11.11.1914

Hafnarfjörður!

1. Manstu ennþá grænar grundir
gróðursæla feðrajörð,
sem þú mistir áður undir
eldhraunið við Hafnarfjörð;
lítið bindi brunasára
bjargamótum liggur á
eins og minning móður-tára,
mæðudögum þínum frá.

2. Ár, þá svása sólin kysti
svanprúð fjalla móðurbrjóst,
lækur sem í læðing gisti
laus varð, og til ferða bjóst,
hélt svo beint í fjörðinn fríðann
framhjá heitum glóðar-múr,
þar á verði situr síðan
sinni stöðu jafnan trúr.

3. Þögla, djúpa, himinhreina
helgað nyðjum, móðurtár,
sem við þrautir mannlífs meina
margar döggað hefur brár,
undur bjarta ljós þitt lifir
liðins tíma gyllir sæ,
varðstöð þín er eilíf yfir
ættarlands míns hverjum bæ.

4. Foldar-tárið, litli lækur,
létt að hafi berðu fót;
en hvað þú ert ern og sprækur,
ellin mæðir þig ei hót,

þar sem Ægis dorma dætur
dreyma fegurð, ást, og vor,
markar þú í niði nætur
nýja tímans sólar-spor.

5. Móti fornum fiskakletti,
fram sem undan nætur-voð
hraustann arm og höfuð rétti
hjarðmey ung við sólar-roð,
Hvaleyrin, sem hrannar æðis
heftir gang, og lægi ver;
fyrir afli gamla græðis
gugnar aldrei Helgasker.

6. Bóreas frá heimsins hjörum
herjar tíðum okkar land,
triltur eins og flagð í förum
foldar lífi boðar grand,
treður pungum fimbul-fótum
fjöllin, dali, loft og mar,
en í bruna gljúpum gjótum
gefst hann upp og stöðvast þar.

7. Þannig, fyrir víkinga veldi,
veðursæla fjarðar-bigð
vigð með fyrri alda eldi,
æfinlega verður tryggð,
hamarinn að sunnan sjáum
sveigja hring um skipapró;
sál mín lýtur herra háum
hafnarvirki slík er bjó.

8. Litum fley á lygnum vogi
liggja hér við akkers bönd,
bygðin fríð sem friðarbogi
faðmar hina mjóu strönd,
andar mær frá ægis hliðum
aftanblær um sumarkvöld
meðan skær í atlans-iðum
eygló þvær sín hvílutjöld.

9. Áa dáð og fegurð forna
farveg nýja tímans á
sé ég eins og endurborna
yður fjarðarbúum hjá;
menta-blóm í munum spretta,
menning setur lög og grið,
þrek og eining kljúfa kletta
kalla saman búalið.

10. Liðna tímans rís af raunum
röðull skær sem vekur drótt;
blómgast undir bruna hraunum
bærinn studdur félags þrótt,
skugga-tjöldin fornu falla
framtið sýnir nýjann auð,
vitið þá og vinnan kalla,
verði þessir steinar brauð!

11. Æðstu blómin andans-hlíðar
ókunnugur hér ég fann,
samúð hreina, sálir bliðar,
sérdeilis í Hlífar-rann

viðkvæmni sem hreysti hefur,
hjörtu sem í eining slá,
viðmót sem að gleði gefur,
grátperlur sem rósum strá.

12. Þegar sveif um sali auða
sorgin eftir vina-lát
höfuð mitt og höndin snauða
höfðu nærstum orðið mát;
þó að verði lítt að launum
lengi þessa minnast ber,
höfn í mínum mestu raunum
meðal vina fann ég hér.

13. Guð sem valdi vina skjólin
verndi þig mín kæra bygð,
ó, ég gæti – eins og sólin –
endurgoldið þína dygd,
sem að lengst frá suðurvegi
seilist yfir hamars brún
kyssir hlýtt á hverjum degi
Hafnarfjarðar spegil-tún.

14. Munar þýða móðurjörðin
menta-rík og framagjörn
geymdu' í þínum faðmi fjörðinn
fóstra honum göfug börn,
líf andans fræið frjóa,
félags blómin þroska há
sem við hraun og hamar gróa
himni guðs og þínum ná.
JG.



Úr Hjálmi 29.12. 1914

Lítill ferðasaga

Það var sumarið 1914 að ég ferðaðist norður, sunnan um land með eimskipinu „Flóra“. Skipið kom á Hafnarfjörð, kl. 5 árdegis hinn 3. júlí. Fór ég þar um borð ásamt 2 félögum mínum er ætluðu til sama staðar og ég. Klukkan eitthvað um 8 var svo lagt af stað sem leið liggur til Keflavíkur, því þar átti skipið að taka ýmsar fiski-afurðir, lísi, hrogn o.s.frv.

Pegar búið var að kasta akkerum á Keflavíkurhöfn komu bátar úr landi og fluttu margt fólk er tók sér fari með skipinu. Með þessum bátum gátu svo menn frá skipinu fengið sér túr í land, og var ég – ásamt félögum mínum meðal þeirra er fýsti til landgöngu, og er við stigum niður í einn bátinn, það ein yngismær okkur um að halda á 3 böggjum fyrir sig. Við tókum náttúrlega sinn böggulinn hver til meðferðar, svo verkið yrði léttara. Ferðin gekk vel í land, og er við komum á bryggjusporð, bauð yngismærin okkur heim með sér, og þótti okkur þetta boð því ákjósanlegra að

engin greiðasölustaður var þar í kaupþúinu.

Okkur var heldur ekki í kot vísað, því þetta var hreppstjóra-slótið í plássinu og var mærin dóttir hans. Við vorum nú leiddir til stofu og þar borið fram kaffi með nógum kökum okkur til hressingar, og vindlar til áréttingar.

En sökum þess að salir hreppstjórans voru alskipaðir gestum í ýmsum erindagjörðum, gátum við ekki notið svo vel samtals við hann sem annars mundi orðið hafa.

Kvöddum við svo og héldum til strandar án frekari dvalar, því við vissum ógjörla hvað skipið tefði þar lengi, og vildum síður verða strandaglópar sem kallað er, bjuggumst heldur ekki við að gott yrði að fá bílferð til næstu hafnar sem var ákveðin í Vestmanneyjum, svo sem einn ungur piltur gerði er eftir varð í Hafnarfirði, að hann keypti sér bíl til Keflavíkur. Vonum bráðar vorum við aftur komnir um borð, en ekki þóknaðist Flóru að blása til brottlögu fyr en kl. 4 síðdegis. Var svo haldið sem leið liggur fyrir Garðskaga og Reykjanes, því næst austur yfir svo kallaða Eyrarbakka-bugt og alt til Vestmanneyja. Talsvert hafði fjölgað fólki á síðustu höfn er flest ætlaði til austfjarða. Í Vestmanneyjum fór margt af farþegum í land sem þar átti heima. Síðan var skipað út mörgum bátum af inþökkuðum þorskabeinum eins og fiski er pakkað hér. Margir komu um borð af eyjamönnum meðal hverra ég hitti þar einn kunningja minn sem var gamall Hafnfirðingur, hann þurfti margs að spyrja og tókst mér furðanlega að leysa úr. Nú var haldið þaðan og hafði enn fjölgað til muna á skipinu. Margt var þar af eyja-stúlkum sem ekki voru mjög daufar eða fjörlitlar og höfðu þær góða lyst á að reykja cigarettur. Fleiri voru það reyndar sem þegið gátu munaðarvöru, því þar kom fram

í dagsljósið drenghnokki einn 13-14 ára gamall, sem bæði kunni að reykja og drekka Whiský. Lék hann það af svo mikilli lyst að fáa fullorðna hef ég séð gera það betur. Faðir og fóstura drengsins voru á skipinu og spurði ég þau hvort þau liðu honum að reykja og drekka áfengi, kváðu þau lítið mundi þýða að skifta sér af því. Þótti mér samt nóg um að þau skyldu skaffa honum peninga til þess. Nú var haldið áfram gegnum þoku og dimmviðri, alt þar til komið var inn á Fágskruðsfjörð, og bar þar fátt til tíðinda nema það sem gengur og gerist að ýmsir fóru þar í land til að fá sér atvinnu yfir sumarið. Eftir litla viðtöf var svo haldið til Eskifjarðar og lá Franska herskipið þar.

Fátt bar til tíðinda á þessari höfn nema það að ein stúlka – sem var krampaveik og ekki hafði polað sjóferðina – var flutt í land, og var ég einn þeirra sem báru hana á sjúkrahúsið þar. Þaðan var svo haldið til Norðfjarðar. Þar komu margir um borð sem ég þekkti og hafði ég skemtun af því þó ekki gæti ég komið í land, og var hægt að fá þar pláss bæði á róðra- og mótorbátum með góðum kjörum.

Síðan var stímað til Seiðisfjarðar og þar varð ég ásamt félögum mínum að skilja við „Flóru“, fórum við samstundis um borð í lítinn bát sem við ætluðum að vera á.

Sigur svo ekki fleira af ferðum okkar nema að alt gekk vel og slisalaust norður. Ég bið auðvitað velvirðingar á því hvað lítið er spunnin í línur þessar, en þess ber vel að gæta að menn geta ekki hversdagslega lifað sönnu æfintýra-lífi!

(Búi)

Úr Hjálmi 29.12. 1914

Þakkarorð

Hér með votta ég hinu kærleiksríka verkmanafélagi „Hlíf“, mínar bestu hjartans þakkar fyrir hina drengilegu, - og jafnframt óforþéttu – jólagjöf, 25 krónur að upphæð, afhenta hinn 23. þ. m. af hr. Erlendi Jónssyni.

Bið ég guð að endurgjalda félaginu ríkuglega, þessa sem aðrar mér veittar velgjörðir. Samhliða verðugu þakklæti og virðingu, óska ég félaginu gleðilegs nýs árs og blessunarríkrar framtíðar, og að það mætti framvegis lifa og starfa í framþróun andlegrar og efnalegrar menningar, jafnt fyrir heild og einstaklinga. Jafnframt þessu bið ég afsökunar á því að blaðið gat ekki komið á síðasta fund, bæði vegna þess að ég var með meira móti lasinn vikuna fyrir jólin, og svo hins, að lítið var um efni í blaðið sem endranær.

Gunnarssundi 9. 29/12 – 1914.

Með einlægri virðingu M..

**Sjá öll tölublöð Hjálms
á www.timarit.is**





Kostnaður við vörslu séreignarsparnaðar í sumum tilvikum mjög hár

Hvað þarf að hafa í huga þegar kemur að séreignarsparnaði og hvað þarf að varast?

Gestir á opnum sjóðfélaga fundi Gildis sem haldinn var þriðjudaginn 12. nóvember 2024 á Grand Hótel Reykjavík.

Kostnaður við vörslu séreignarsparnaðar og tilgreinds séreignarsparnaðar er mjög mismunandi eftir vörsluaðilum og sömu sögu er að segja um þá ávöxtun sem einstaklingar geta vænst.

Farið var yfir málið á sjóðfélaga fundi Gildis sem fram fór á Grand Hótel Reykjavík þriðjudaginn 12. nóvember 2024. Þar kom meðal annars fram að á þessu ári hefur 1.941 sjóðfélagi Gildis valið að færa hluta af lífeyrisðgjaldi sínu í tilgreinda séreign. Af þeim


hafa 1.666 valið að ávaxta fjármuni sína hjá erlendum vörsluaðilum og er þróunin í þá átt að stöðugt fleiri velja að flytja tilgreinda séreign sína til erlendra vörsluaðila.

Stjórn og starfsfólk Gildis hefur áhyggjur af því að í einhverjum tilvikum geri umræddir sjóðfélagar sér ekki grein fyrir þeim kostnaði sem þessir vörsluaðilar innheimta. Á sjóðfélaga fundi Gildis var sýnt dæmi um fjárfestingarleiðina „Future Pension Classic“ hjá fyrirtækinu VPV, þar sem kostnaður við að taka

út inneign eða flytja hana annað eftir eitt ár er 75,8%. Annað dæmi sýndi sjóðinn „Target4Life“ hjá Allianz, þar sem slíkur kostnaður var 10,9%. Á sama tíma er kostnaður við innlausn eftir eitt ár úr Framtíðarsýn 1 hjá Gildi aðeins 0,58%.

Ávöxtun sem sjóðfélagar geta gert ráð fyrir er einnig mjög mismunandi eftir sjóðum. Tekin voru dæmi um hvaða árlegu ávöxtun* sjóðfélagar geta gert ráð fyrir yfir fimm ára tímabil hjá þremur sjóðum. Hún var -1,2% hjá VPV og 1,4% hjá Allianz, á meðan hún er 7,9% hjá Gildi.

*Út frá hóflegri sviðsmynd



Sífelld fleiri sjóðfélagar Gildis velja að flytja tilgreinda séreign sína til erlendra vörsluaðila. Kostnaður við það getur verið talsverður.

Það getur því margborgað sig fyrir sjóðfélaga að skoða kostnað og áætlaða ávöxtun mismunandi sjóða, banka og annarra vörsluaðila, áður en skrifað er undir samning um séreignarsparnað eða tilgreinda séreign.

Dæmin sem sýnd voru á fundinum voru unnin upp úr opinberum lykilupplýsingablöðum Gildis og umræddra erlendra vörsluaðila, en á þeim geta sjóðfélagar séð á einfaldan og samræmdan hátt hver meðal annars kostnaður og áætluð ávöxtun er af einstökum fjárfestingarleiðum.

Gildi er langtímafjárfestir og í því samhengi er rétt að hafa það í huga að hrein raunávöxtun sjóðsins síðustu fimm árin var 4,1% og tíu ára meðaltalið er 4,5%.

Góð staða eftir níu mánuði

Á umræddum sjóðfélagafundi fór Davíð Rúðólfsson, framkvæmdastjóri Gildis, yfir rekstur og stöðu sjóðsins á fyrstu níu mánuðum ársins 2024. Þar kom meðal annars fram að hrein eign var 1.075,5 milljarðar króna í lok september síðastliðins og hafði hækkað um 83,6 milljarða króna frá áramótum. Þar af voru fjárfestingartekjur 74,3 milljarðar króna á tímabilinu.

Hrein nafnávöxtun samtryggingardeildar Gildis nam 7,5% á fyrstu níu mánuðum ársins, sem þýðir að hrein raunávöxtun á tímabilinu

var 2,7%. Áætluð tryggingafræðileg staða sjóðsins 30. september nam -4,4% en hún stóð í -4,3% í lok árs 2023.

Gildi er langtímafjárfestir og í því samhengi er rétt að hafa það í huga að hrein raunávöxtun sjóðsins síðustu fimm árin var 4,1% og tíu ára meðaltalið er 4,5%.

Starfsemi Gildis er umfangsmikil og til að mynda tók sjóðurinn við iðgjöldum upp á ríflega 36 milljarða króna á fyrstu níu mánuðum ársins 2024. Heildarlífeyrisgreiðslur á tímabilinu voru rúmlega 25 milljarðar króna og hækkuðu um tæplega 13% milli ára. Sjóðurinn veitti 777 lán á fyrstu níu mánuðum ársins, samtals 21,4 milljarða króna. Rekstrarkostnaður sjóðsins var ríflega 1,2 milljarðar króna á tímabilinu.

Á fundinum var farið yfir fjölmarga þætti í starfsemi og starfsumhverfi sjóðsins, þar á meðal nýlega umræðuskýrslu Seðlabanka Íslands um „umsvif lífeyrissjóða á fjármálamarkaði og æskilegar umbætur á löggjöf um lífeyrissjóði“ auk þess sem eftirfylgni á hluthafastefnu sjóðsins var rakin. Þá fór Rósa Björgvinsdóttir, forstöðumaður eignastýringar Gildis, yfir þróun á mörkuðum og stöðu eignasafns sjóðsins. Þar kom meðal annars fram að erlend hlutabréf hafa skilað bestri ávöxtun þá sem af lífrí ári, en nafnávöxtun erlendra hlutabréfa sjóðsins var 11,3% á fyrstu níu mánuðum ársins sem skilaði 34,5 milljarða króna fjárfestingartekjum. Allir eignaflokkar skiluðu jákvæðri ávöxtun á tímabilinu.

Glærur frummælanda á fundinum eru aðgengilegar á vef sjóðsins ([www.gildi.is](#)) en þar má einnig finna upptöku af fundinum.

Ráðstöfun Gildis á örorkuframlagi

Nokkur óvissa er um þessar mundir vegna fyrirtætlana stjórnvalda um að lækka eða fella að fullu niður framlag til jöfnunar á örorkubyrði lífeyrissjóða og var staðan tekin til umræðu á fundinum. Um mikilvægt hagsmunamál er að ræða fyrir sjóðfélaga Gildis, en sjóðurinn fékk alls um 2,7 milljarða greidda frá ríkinu í fyrra, sem voru notaðir til að hækka réttindi sjóðfélaga um 3,6% og hækka lífeyri til lífeyrisþega (annarra en barnalífeyrisþega) um 3%. Verði framlagið fellt niður gæti það haft í för með sér allt að 5,7% heildaráhrif til lækkunar á réttindum sjóðfélaga Gildis. Fundarmenn lýstu áhyggjum af stöðunni og hvöttu bæði stjórnendur Gildis og forsvarsmenn þeirra stéttarfélaga sem eiga aðild að sjóðnum til að beita sér gegn fyrirbyggjandi tillögum stjórnvalda um afnám jöfnunarframlagsins.



Félagsmannasjóður – útgreiðsla 1. febrúar

Í kjarasamningum félaga í Hlíf sem starfa hjá sveitarfélögum og öðrum launagreiðendum sem miða við þá samninga, er ákvæði um að launagreiðandi skuli greiða sem nemur 2,2% af heildarlaunum hvers starfsmanns í svokallaðan Félagsmannasjóð. Hlutfallið var 1,5% fyrir 1. apríl, en hækkaði í 2,2% með nágildandi kjarasamningum.

1. febrúar ár hvert fá félagsmenn síðan greidda þá inneign sína í sjóðnum sem hefur safnast upp árið á undan.

Bankaupplýsingar nauðsynlegar

Ekki þarf að sækja um útgreiðslu. Inneignin verður greidd sjálfkrafa inn á bankareikning félagsmanns, AÐ ÞVÍ

TILSKILDU AÐ REIKNINGSNÚMER FÉLAGSMANNS SÉ SKRÁÐ HJÁ FÉLAGINU.

Við hvetjum þá félagsmenn sem hafa starfað einhvern hluta ársins 2024 hjá Hafnarfjarðarkaupstað, Garðabæ, Hjallastefnunni eða Skólum ehf., til að fara inn á „Mínar síður“ hjá félaginu – [mitt.hlif.is](#) – og kanna hvort persónu-, samskipta- og bankaupplýsingar þar eru réttar, til dæmis netfang og bankaupplýsingar. Á Mínunum síðum getur félagismaður auk þess séð hvort hann á inneign í Félagsmannasjóðnum og ef svo er, hversu há inneignin er.

Leiðbeiningar um hvernig á að nota „Mínar síður“ eru annars staðar í blaðinu og á [www.hlif.is](#).

Ég lærði fljótt að bera virðingu fyrir aðstæðum fólks og taka tillit til þeirra

segir Hrafnhildur Hartmannsdóttir, stjórnarkona í Hlíf



Hrafnhildur Hartmannsdóttir er innfæddur Gaflari, en sífellt færri geta státað af því, síðan starfsemi fæðingardeildar var aflögð í bænum fyrir áratugum. Hrafnhildur fæddist á Sólvangi í janúar 1960, en bjó í Kópavogi á æskuárum.

„Ég er alin upp í betri helmingi Vesturbæjarins, á Mánabraut. Þegar ég byrjaði að búa með manninum mínum, þá skoðaði ég mig um í augnablik annars staðar en við fluttum fljótt aftur í Kópavoginn. Þar vorum við þar til börnin okkar þrjú voru fædd og fluttum síðan í Hafnarfjörðinn og erum þar enn – og erum ekkert á förum héðan.“

Kaupmaðurinn á horninu

Hrafnhildur gekk í Kársnesskóla og Þingholtsskóla. „Það var dásamlegt að alast upp í Kópavoginum, mikið frjálstræði, umhverfið var mikið ævintýraland fyrir krakka, kannski ekki það sem við myndum telja það öruggasta í dag, en skemmtilegt var það.“ Eftir skólann fór Hrafnhildur að vinna í versluninni Jóabúð. „Jói var kaupmaðurinn á horninu í Vesturbænum. Ég var ung og orkumikil og naut þess að vinna hjá Jóa. Þar lærði ég umburðarlyndi og



heilmikið í mannlegum samskiptum. Það var ekki góðæri á þessum tíma og oft þröngt í búi hjá viðskiptavinum en ég lærði fljótt að bera virðingu fyrir aðstæðum og hjálpa til með útsjónarsemi og gagnkvæmu trausti til viðskiptavinnanna.“

Vanmetið að vinna heima

Átján ára gömul kynntist Hrafnhildur manninum sínum. Hún og Þorkell Svarfdal Hilmarsson hófu fljótt að búa saman og stofna fjölskyldu. „Ég ákvað að einbeita mér að börnunum okkar og heimilinu og var heimavinnandi þar til börnin mín voru öll komin í skóla. Að vera heimavinnandi er vanmetið starf“, segir Hrafnhildur með þunga. „Ekki fær maður lífeyrisréttindi, maður er ekki í stéttarfélagi og ekki er það launað í peningum. En þetta er ómetanlegt starf sem ég sé alls ekki eftir að hafa valið mér, launin voru dýrmætur tími með börnunum.“

Eftir að um hægðist í barnauppeldinu fór Hrafnhildur að vinna í heimaþjónustu hjá Hafnarfjarðarbæ. Þetta var fyrir 30 árum, eða árið 1994. Hrafnhildur segist hafa verið svo heppin að vera með sömu heimilinu í 10 ár. „Ég var með þrjú heimili á þessum tíma og öll voru þau einstök, hvert á sinn hátt. Ég var með eldri hjón þrisvar í viku, sá um heimilið þeirra og drakk með þeim kaffi og heyrði sögur af lífi þeirra sem var stórbrotið og forvitnilegt. Mér fannst ég vera partur af þeirra lífi og þótti mjög vænt um þau og þeirra heimili. Svo var ég með tvær dásamlegar konur sem þurftu vikuleg þríf. Það var gefandi að vera velkomin inn á heimili þeirra allra og fá að taka þátt í þeirra lífi.“ Hrafnhildur hætti í heimaþjónustunni þegar Hafnarfjarðarbær gerði breytingar og fór að

skerða þjónustu sína við eldri borgara og öryrkja í bænum. „Ég var ósátt við þessar breytingar og vildi ekki taka þátt í þeim. Þetta starf, eins og ég sinnti, gefur svo mikið meira en bara grunnþjónustu og þessar breytingar gerðu það að verkum að minna varð um samskipti og félagsleg tengsl við skjólstæðingana.“



Sneri sér að unga fólkinu

Hrafnhildur segist hafa snúið sér að unga fólkinu, því árið 2004 hóf hún störf í Leikskólanum Arnarbergi í Hafnarfirði. „Ég vatt þar með kvæði mínu í kross og hef verið með yngstu bæjarbúunum síðan. Ég fann fljótt að styrkleikar mínir lágu með einstökum börnum með sérþarfir. Nánast frá upphafi var mér treyst fyrir því mikla starfi að sinna börnum með einhverfu og aðrar sérþarfir, þótt ég sé ekki faglærð. Mér finnst það fullkomið dæmi um að ekki er allt kennt í skólum og maður þarf ekki alltaf gráður til að vita og skilja hvað er börnunum fyrir bestu. Þetta starf er mjög gleðilegt, gefandi og krefjandi. Það eru litlu sigrarnir sem gleðja svo mikið og gera þetta allt þess virði. Núna, 20 árum seinna, er ég að sjá

litlu vini mína, fullorðna úti í samfélaginu, með kunnáttu, þekkingu og getu til að sinna daglegu lífi sínu með stakri þryði. Það gefur mér vilja, kraft og gleði til að mæta í vinnuna á hverjum degi og halda áfram að ná fram því besta í hverju barni – á þeirra hraða og forsendum.“ Hrafnhildur segist hafa fengið tækifæri til að efla og auka við þekkingu sína, með því að fara í svokallaða Leikskólabrú, sem er nám í Fjölbautaskólanum í Garðabæ. „Ég lauk því um vorið 2010. Þetta var mikil vinna, nánast heilu námi komið fyrir á einni önn. En ég var með frábærar vinkonur með mér í náminu og við lærðum heilmikið um ýmislegt.“

Það liggur beint við að spyrja Hrafnhildi hvað hafi dregið hana að félagsstarfinu. „Ég held að þetta hafi byrjað með forvitni. Ég vil gjarnan vita hvað er að gerast í kringum mig. Ég byrjaði að sækja fundi hjá Framtíðinni fljótlega eftir að ég byrjaði að vinna aftur fyrir 30 árum síðan. Svo hlóð þetta utan á sig. Ég varð trúnaðarmaður, en var ekki kjörin í stjórn fyrr en nokkrum árum eftir að Hlíf og Framtíðin sameinuðust.“ Hrafnhildur hefur farið á öll trúnaðarmannanámsskeið sem félagið hefur staðið fyrir og segist reyna að fara á öll námskeið sem boðið er upp á. Hún hefur verið fulltrúi félagsins á þingum Alþýðusambands Íslands (ASÍ) og Starfsgreinasambandsins (SGS) og hefur sótt kvennaráðstefnur ASÍ. „Mér

finnst gaman á þessum samkomum. Það er bæði fræðandi og skemmtilegt. Ég sækj bæði í félagsskapinn og viðfangsefnin og að hitta fólk sem ég er farin að þekkja.“

Öflug forysta í félaginu

Hrafnhildur segir félagið hafa eflst og þroskast á undanförunum árum. „Það er meira líf í félaginu en í langan tíma, en auðvitað má virkni vera meiri. Forysta félagsins er öflug og það skilar sér. Það er heilmikill kraftur í þessu félagi og ég held að félagsmennirnir upplifi það. Ég held líka að það sé fullt af fólki sem vill taka meiri þátt í stjórn og öðru starfi. Mér finnst líka að hreyfingin í heild hafi tekið við sér. Það hefur orðið heilmikil endurnýjun og hún er alltaf nauðsynleg. Það er samt verst ef

allir eru að fara á þing,” segir Hrafnhildur kankvís á svipinn.

Aðspurð segist Hrafnhildur ekki hafa ákveðið hvað hún vinni lengi. „Stundum ætla ég að hætta á næsta ári – stundum þegar ég verð sjötug. Við hjónin erum dugleg að ferðast, lifa og njóta eins og stundum er sagt. Okkur finnst óskaplega gaman að vera í útlöndum, ganga um og skoða eitthvað nýtt og skemmtilegt – hreinlega að vera til. Við förum yfirleitt ekki í stórum hópi – stundum bara tvö eða með fáum. Við skipuleggjum okkar ferðir yfirleitt sjálf, kaupum flug og gistingu og förum. Það er á bak við eyrað að fara lengra út í heim en bara til Evrópu. Mig langar að komast til Tælands, Indónesíu og Balí,” segir Hrafnhildur að lokum.



Trúnaðarmannaátak

Um tuttugu nýir trúnaðarmenn

Óskar Steinn Jónínuson Ómarsson

Með því mikilvægasta í starfi hvers verkalýðsfélags eru trúnaðarmennirnir. Reynslan sýnir þó að fólk endist misvel í hlutverki trúnaðarmanna. Sumir eru trúnaðarmenn á sínum vinnustöðum svo

árum skiptir, á meðan aðrir stoppa stutt við. Þetta fer mikið eftir starfsmannaveltu á þeim vinnustöðum og í viðkomandi atvinnugreinum. Því þarf að vera vakandi fyrir að fylla í eyðurnar þar sem trúnaðarmenn láta af störfum og yfirgefa vinnustaði – og vera vakandi yfir nýjum starfsstöðum.

Undanfarið hefur félagið staðið fyrir átaki til að fjölga í trúnaðarmannahópnum. Ráðinn var sérstakur verkefnisstjóri í hálfu starf hjá Hlíf til að halda utan um átakið, Óskar Steinn Jónínuson Ómarsson. Verkefnið hefur falist í að hafa samband við vinnustaði, heimsækja þá, hengja upp auglýsingar og útnefna trúnaðarmenn þegar einhverjir gefa kost á sér. Að sögn Óskars hefur þetta gengið allvel til þessa. „Ætli það séu ekki komnir um hátt í tuttugu nýir trúnaðarmenn,” segir Óskar „og í einhverjum tilvikum er framboðsfrestur ekki liðinn, þannig að þeim mun væntanlega fjölga enn meira á næstu dögum og vikum.“ Óskar segir launagreiðendur almennt hafa tekið vel í að hengja upp auglýsingar.

Lít á mig sem Hafnfirðing

„Ég lít á mig sem Hafnfirðing, þótt ég hafi búið í Breiðholti til tíu ára aldurs, en síðan flutt í

Hafnarfjörð. Ég gekk í menntaskóla í Noregi, en eftir að ég flutti heim vann ég samfleytt í 10-11 ár í leikskóla og var langflest árin félagsmaður í Hlíf.“ Meðfram vinnu lærði hann stjórnmaláfræði í háskólanum.

Óskar hefur verið virkur í félagsmálum af ýmsu tagi, bæði stjórnmalastarfi og í Björgunarsveit Hafnarfjarðar. „Ég lauk nýliðabjálfun þar síðastliðið vor og er nú fullgildur félagi. Núna er ég í hálfu starfi hjá Björgunarsveitinni og hálfu starfi hér á móti.“

Að sögn Óskars hefur starfið komið á óvart. „Mér líður vel hér. Þetta er skemmtilegt og áhugavert starf. Ég hef ekki verið mikið í verkalýðsmálum áður, þótt ég hafi alltaf haft áhuga á stjórnálum og samfélagsmálum. Hér eru meiri umsvif en ég hafði gert mér grein fyrir og greinilegt að félagið stendur í ströngu á mörgum vígstöðvum, við að gæta að réttindum fólks á vinnumarkaði. Það hefur komið mér á óvart hversu margir koma hingað á venjulegum degi, með alls konar fyrirsurnir og vandamál sem þeir þurfa á aðstoð að halda til að leysa úr,” segir Óskar að lokum.

Orlofsvalkostum fjölgar

Orlofshús Verkalýðsfélagsins Hlífar eru sameign félagsmanna, ætluð til að gefa félagsmönnum tækifæri til að komast út í náttúruna, sér og sínum til hvíldar og heilsubótar.



Verkalýðsfélagið Hlíf á orlofshús á Suður- og Vesturlandi. Tvö eru í Vaðnesi, eitt í Ölfusborgum, tvö í Stykkishólmi og fjögur hús í Kolási við Munaðarnes. Eitt húsanna í Kolási er stórt og nýjasta húsið, Kolás 9-11 er með fullbúnu gestahúsi. Tvö síðastnefndu húsin henta mjög vel fyrir „stórfjölskyldu“.

Í Kolási hefur félagið fest kaup á viðbótarlandssvæði, þar sem mögulegt er að bæta við 1-2 húsum að minnsta kosti. Verið er að kanna möguleika á frekari uppbyggingu á svæðinu.

Nýverið festi félagið kaup á húsi í orlofsbyggðinni að Einarstöðum á Héraði.

Auk sumarhúsanna hefur félagið fest kaup á nýlegri íbúð á Akureyri.

Vel búið að gestum

Heitur pottur og gasgrill eru við öll orlofshúsin og inni eru sjónvarpstæki, hljómtæki, bækur og spil til afþreyingar. Komin er þráðlaus nettenging í öll húsin. Sams konar útbúnaður er í íbúð á Akureyri, að því undanskildu að þar er ekki heitur pottur né gasgrill.



Verð og skilmálar

Helgarleiga: 18.000 kr.

Vikuleiga: 26.000 kr.

Stórt hús, helgarleiga: 22.000 kr.

Stórt hús, vikuleiga: 34.000 kr.

Staðfestingargjald: 5.000 kr., þarf að greiða innan 48 klukkustunda (tveggja sólarhringa).

Leigusamningur er sendur á netfang leigutaka við lokagreiðslu.

Ný íbúð á Akureyri – Ásatún 46

Nýverið seldi félagið eldri íbúðir á Akureyri, en keypti í staðinn nýja íbúð. Um er að ræða góða þriggja herbergja íbúð á fjórðu og efstu hæð í fjölbýlishúsi með lyftu.

Íbúðin er í suðurenda, svalir til vesturs með svalalokun og frábæru útsýni.

Íbúðin skiptist í forstofu, tvö svefnherbergi, geymslu innan íbúðar sem nýtist sem herbergi ásamt lítilli geymslu í sameign, baðherbergi með þvottaaðstöðu, eldhús og stofu í opnu rými.

Til athugunar er að kaupa aðra sambærilega íbúð á Akureyri.



Tímabil og úthlutunarreglur

Mismunandi reglur gilda um úthlutun og leigutíma eftir árstímum. Punktastaða umsækjenda ræður um páska, jól, áramót og yfir sumarmánuðina, en á öðrum tímabilum gildir „fyrstur kemur – fyrstur fær“ reglan.

Páskar:

Leigutímabil: 16.04.2025 – 23.04.2025
Umsóknartímabil: 12. – 26. febrúar 2025

Sumar:

Leigutímabil: 23.05.2025 – 5.09.2025
Umsóknartímabil: 5. – 26. mars 2025

Jól:

Leigutímabil: 22.12.2025 – 29.12.2025
Umsóknartímabil: 15. – 29. október 2025

Áramót:

Leigutímabil: 29.12.2025 – 05.01.2026
Umsóknartímabil: 15. – 29. október 2025

Sjá nánari upplýsingar um húsin og íbúðirnar á hlif.is. Bókun fer fram á mínum

Leiðbeiningar fyrir gesti

UMGENGNISREGLUR

Við biðjum dvalargesti í húsum Hlífar að hafa eftirfarandi reglur í heiðri meðan á dvölinni stendur og þegar húsi er skilað.

- Hafa ekki gæludýr með, gæludýr eru bönnuð í húsum félagsins.
- Ganga úr skugga um að allt sé í lagi þegar komið er að og í húsið.
- Ef eitthvað er að, vinsamlega láta skrifstofu Hlífar vita, til að hægt sé að bæta úr með pósti á orlof@hlif.is
- Ganga vel um húsið og umhverfið.
- Valda öðrum dvalargestum á svæðinu ekki ónæði.
- Skoða og fylgja leiðbeiningum um notkun á heita pottinum.
- Sjá til þess að allt sé á sínum stað við lok dvalar.
- Þrifa húsið – ryksuga og skúra.
- Þrifa bakaraofn, eldavél, ísskáp, hreinlætistæki, útigrill og heita pottinn.
- Taka og fjarlægja allt rusl.
- Loka öllum gluggum og dyrum og læsa tryggilega. Ofnar stilltir á 2.
- Skila lykllum strax að dvöl lokinni á skrifstofu Hlífar, næsta virka dag eftir að leigu lýkur.
- Láta skrifstofu Hlífar vita ef eitthvað skemmist eða brotnar meðan á dvölinni stendur, til að hægt sé að lagfæra það.



Almennar leigureglur

Framleiga bönnuð

- Húsið er leigt með húsgögnum, eldhúsbúnaði og öðrum lausamunum.
- Leigjandi þarf að hafa með sér handklæði, sápu og viskastykki. Einnig skal hafa með og nota sængurver, lök og koddaver fyrir alla sem sofa í húsinu.

Ábyrgð og bætur

- Hlífarfélagi sem skráður er leigjandi orlofseignar ber fulla ábyrgð á húsnæðinu og öllum búnaði í því meðan á leigutíma á hans nafni stendur og skuldbindur sig til að bæta allt tjón sem verða kann af hans völdum eða þeirra sem dvelja í húsinu á hans vegum. Leigjandi ber ábyrgð á þeim sem nota heitan pott.

Umgengnisreglur

- Leigjandi og gestir hans skulu ganga vel um hús og umhverfi, gæta þess að spilla ekki gróðri eða landi á nokkurn hátt, forðast hávaða með bílaumferð á orlofshúsasvæðinu og taka tillit til annarra gesta.

Þrif – Frágangur - Þrifagjald

- Leigjandi skal þrifa húsið við brottför og sjá um að hver hlutur sé á sínum stað. Sé því ábótavant áskilur Hlíf sér rétt til að innheimta sérstakt gjald fyrir þrif.

Skil

- Leigjandi skal loka, læsa og skila af sér orlofshúsi á uppgefnum tíma samkvæmt samningi og einnig skila lykllum eins og mælt er fyrir um.

Skemmdir - Tilkynningarskylda

- Leigjandi skal ef við á upplýsa skrifstofu Hlífar um skemmdir á hinu leigða, húsnæði eða búnaði, eða annað sem kann að skipta máli fyrir félagið eða næstu leigjendur.

Þannig virka MÍNAR SÍÐUR!


Á persónublaðinu á **Mínum síðum** á vefsvæði Hlífar er að finna margvíslegar upplýsingar um réttindi hvers og eins félagsmanns. Hægt er að sækja um orlofshús, sjúkrastyrki og sjúkradagpeninga. Jafnframt er hægt að fylgjast með réttindaávinnslu og skilum atvinnurekenda á iðgjöldum. Félagsmenn sem vinna eftir sveitarfélagasamningi geta fylgst með inneign í Félagsmannasjóði, sem er til útgreiðslu 1. febrúar.



Innskráning

Félagsmaður skráir sig inn á Mínar síður af heimasíðu félagsins, www.hlif.is. Hægt er að nota rafræn skilríki eða lykilorð sem félagið gefur út. Fyrirhugað er að hætta notkun eigin lykilorða á næstu mánuðum og eftir það verður aðeins hægt að nota rafræn skilríki.

Þegar smellir er á **Rafræn innskráning**, flyst félagsmaður yfir á innskráningarsíðu Auðkennis og þarf að skrá inn með farsímanúmeri. Enn er hægt að skrá sig inn með lykilorði, en það er samt háð því að félagið eigi netfang félagsmanns í gagnagrunni.



Persónublað félagsmanns

Persónublaðið veitir góða yfirsýn yfir stöðu hvers félagsmanns. Á því má finna yfirlit yfir félagsgjöld (sem endurspegla heildarlaun), skipt eftir mánuðum og atvinnurekendum. Jafnframt má sjá réttindi í sjóðum og hvernig þau hafa verið nýtt. Í flestum tilvikum er hægt að sækja ítarlegri upplýsingar um hvert atriði.

1. Félagsmaður á sérstakt svæði fyrir flest undirkerfi Tótal. Þannig er hægt að sjá alla styrki úr sjúkrasjóði, yfirlit yfir sjúkradagpeninga, orlofsleigur, fræðslustyrki og iðgjaldasögu yfir lengri tíma en birtist á persónublaðinu.
2. Tungumálafáni sýnir á hvaða tungumáli félagsmaður skoðar **Mínar síður**. Það hjálpar starfsfólki að ákveða á hvaða tungumáli til dæmis skeyti til viðkomandi félagsmanns fara. Þegar send eru fjöldaskeyti á marga félagsmenn og þau eru á þremur tungumálum – ræður þessi merking hvaða skeyti hver félagsmaður fær.
3. Hér er hægt að breyta hluta persónuupplýsinga, svo sem að setja inn eða breyta upplýsingum um símanúmer, netfang og bankareikning. Einnig er hægt að skrá annað pósthafn ef félagsmaður hefur aðsetur annars staðar en á lögheimili.

4. Hér er hnappur til að bóka orlofsíbúð eða orlofshús. Einnig kemur fram hversu marga leigudaga félagsmaður getur bókað.
5. Hér eru hnappar til að sækja annars vegar um styrk úr sjúkrasjóði og hins vegar sjúkradagpeninga. Einnig kemur hér fram hversu mikil réttindi félagsmaður hefur. Félagsmaður sem er að hefja störf getur verið nokkra mánuði að öðlast 100% rétt.
6. Hér er hnappur á umsókn úr menntasjóðum og hér sést í hvaða menntasjóðum félagsmaður á réttindi. Ef félagsmaður á rétt í tveimur menntasjóðum, samtals 100% - leggur félagið réttinn saman til að greiða fullan styrk.
7. Yfirlitsglugginn yfir Félagsmannasjóð birtist eingöngu hjá þeim sem starfa eftir **sveitarfélagasamningnum**, það er hjá starfsfólki; Hafnarfjarðarbæjar, Garðabæjar, Hjallastefnunni og öðrum sjálfstæðum skólum.
8. Hér er **flytisýn** á það sem er í gangi hverju sinni – sem sagt tvær síðustu hreyfingar í hverjum flokki í kerfinu.




Að bóka orlofseign

Til að komast inn á bókunarsíðuna, er smellt á **hlekkinn** í orlofsrammanum á persónublaðinu.




Á bókunarsíðunni sjást landsvæðin með orlofseignum félagsins. Þegar smellt er á eitthvert svæðið (Munaðarnes í þessu dæmi) opnast listi yfir eignirnar þar og um leið sést bókunarstaða hverrar eignar á viðkomandi tímabili.



Bókunarsvæði

Hægt er að framkvæma ýmsar aðgerðir og fá upplýsingar þegar farið er á bókunarsvæðið á **persónublaðinu**, svo sem yfirlit yfir fyrri leigur og fleira.

1. Félagsmenn geta nálgast leigusamning sinn hér um leið og leiga er fullgreidd. Leigusamningur verður ekki til fyrr en leiga er greidd – en þá birtist hann hér í pdf formi.
2. Ef félagsmaður vill fá leigusamninginn í tölvupósti er nóg að smella á umslagið.
3. Óski félagsmaður eftir að setja athugasemd við leigu – til dæmis ábendingu til félagsins um eitthvað sem betur má fara – er hægt að gera það hér.
4. Þegar félagsmaður bókar orlofsleigu, þarf að greiða 1.000 króna staðfestingargjald. Um leið stofnast krafa í heimabanka félagsmanns, fyrir eftirstöðvum leigufjárhæðar. Kröfuna þarf að greiða í síðasta lagi 10 dögum fyrir upphaf leigu, annars fellur leigan niður.



Að sækja um styrk

Þegar smellt er á **Sækja um styrk** í sjúkrasjóðsrammanum á persónublaðinu, birtist þessi síða.



TOTAL

Mínnar síðurOrðskeyfiVefverslunKvæðing/Kvæðun

HÍF@Verkalýðsfélagið HÍFIS

1

Sjóður og styrkttegund

Ísjóður

Sjúkrasjóður

Styrkttegund

Heilsuveling

5

Hámarksupphæð styrks

23.000 kr.

Nauðsynleg fylgiskjal með umsókn

* Greiðslukvittun

Nauðsynlegar upplýsingar um umsókn

* Skilyrði fyrir styrk er greitt hafi verið af
Málagnummi samfellt víðirðir 6 mánuði til
sjúkrasjóðs HÍF. Styrkupphæð miðast við 1% af
lágmarkslánum á hverjum tíma fyrir fullt starf (100
%). Greitt er hlutfallslega fyrir fisk í hlutasóðum.
Styrkur er veittur árin um á hverjum 100
mánuðum. Í þá spóðiragi styrk frá atvinnurekanda
eða bérum aðila, skil drögu þá fjárhæð frá
heildarkostnaði. Lögild greiðslukvittun þarf að
berast með umsókn.

2

Nauðsynleg fylgiskjal

Leyfingar skrá eru .pdf, .jpg og .png.
Hægt er að setja inn fleiri en eina skrá.

Greiðslukvittun

Velðu skrá

Drögu hargæð

Smella á "Velja skrá" eða drögu skrá inn í net hár að ofan.

3

Nauðsynlegar upplýsingar

Eftirfarandi upplýsingar þurfa að fylgja með umsókn

Kennitala (útfelanda kvittunar)

Ekki ídenskur útfelandi eða útfelandi fírnst ekki: ☐

Kennitala útfelanda kvittunar

Nafn útfelanda kvittunar

Nafn útfelanda kvittunar

4

Persónuupplýsingar

Haf fylgja fyrir afgreiðsla styrkja að
persónuupplýsingar eða rittar

Nafn

HÍF Jónsdóttir

Kennitala

010101-1010

Farsími

5100860

dæmi: 001-0011 *

Netfang

hif@hif.is

Bankareikningar

0001-26-00000

dæmi: 0111-21-000111 *

6

Önnheimt iðgjöld - Ef iðgjöld hafa ekki skilað sér í kerfi Total er hægt að slá inn iðgjöldsupphæð hema ásamt mánuði og
hlaða upp launaseðli því til staðfestingar. Þessi iðgjöld verða tekin með í útreikninga á styrkupphæð.

Bæta við línu

Fjarlægja línu

Rangar upplýsingar getna af umsóknjanda geta valdið misli bitavittar úr sjúkrasjóði.
Öllum umsóknjum þarf að fylgja lögleg greiðslukvittun þar sem hafa kemur nafn vitaranda,
kennitala og VSK nr.
Nafn umsóknjanda / berra þarf að koma fram á greiðslukvittun.
Umsóknnum vegna sjúkrasjóðs þarf að fylgja teiknaveitir / líkun teikni.
Umsóknnum vegna ferðakostnaðar þarf að fylgja greiðslukvittun Tryggingastofnunar.

✓ Smella umsókn

✗ Smella við

1. Það fyrsta sem þarf að velja er tegund styrks úr felliglugga, til dæmis Hjartavernd. Þá birtast upplýsingar um skýringarmyndinni. Þar kemur fram, hver er hámarksfjárhæð þessarar styrkttegundar, hvaða gögnum þarf að skila og hvaða skilyrði gilda um þennan tiltekna styrk. Þessar upplýsingar eru mismunandi eftir því hvaða styrkur þetta er.
2. Næst er að hlaða upp þeim gögnum sem þurfa að liggja fyrir til að hægt sé að afgreiða umsókn, til dæmis greiðslukvittun.
3. Skrá þarf upplýsingar um útfelanda kvittunar.
4. Upplýsingar um umsækjanda þurfa að liggja fyrir, svo sem; nafn, kennitala, farsími, netfang og bankaupplýsingar. Öðruvísi er ekki hægt að ljúka afgreiðslu. Liggja þessar upplýsingar fyrir í kerfinu, birtast þær sjálfkrafa hér.
5. Hér birtast upplýsingar um réttindi umsækjanda í sjóðnum til að fá þann styrk sem verið er að sækja um.
6. Hafi atvinnurekandi ekki skilað inn réttum iðgjöldum, er hægt að leiðrétta það með því að hlaða upp launaseðli og slá inn iðgjaldafjárhæð. Mistök eða trassaskapur atvinnurekanda á ekki að bitna á félagsmanni.

www.hlif.is

Sjúkradagpeningar

Umsóknarform fyrir sjúkradagpeninga lítur að flestu leyti út eins og formið fyrir styrkina. Mestu munar, að skila þarf inn ýmsum viðbótarvottorðum, svo sem læknisvottorði og vottorði atvinnurekanda, auk upplýsinga um persónuafslátt.

Umsókn í menntasjóði

Umsóknarformið fyrir styrki úr menntasjóði er í langflestum atriðum sambærilegt við umsóknir úr sjúkrasjóði. Félagsmenn í Hlíf geta átt rétt á styrkjum úr þremur menntasjóðum, eftir því hvaða kjarasamningi þeir starfa samkvæmt. Kerfið velur réttan sjóð. Umsækjandi þarf fyrst að velja tegund styrks úr felliglugga. Næst þarf hann að hlaða upp kvittun og skrá upplýsingar um útfelanda kvittunar. Loks þarf umsækjandi að tryggja að nauðsynlegar upplýsingar liggja fyrir um netfang, símanúmer og bankareikning, til að hægt sé að afgreiða styrkinn.

Félagsmannasjóður

Félagsmannasjóður er fyrir félagsmenn sem fá greidd laun samkvæmt kjarasamningum félagsins við Samband íslenskra sveitarfélaga. Greitt er úr sjóðnum 1. febrúar ár hvert, næst 2024. Félagsmenn sem félagið er með allar upplýsingar um, fá hana greidda án þess að gera nokkuð. Vanti upplýsingar um bankareikning, stofnast umsókn um leið og þessar upplýsingar eru rétt færðar í kerfið. Félagsmaður getur gert það sjálfur á persónublaðinu í Tótal.

[24] Verkalýðsfélagið Hlíf



ÍSLENSK VERÐBRÉF BJÓÐA FJÖLBREYTTA FJÁRFESTINGARKOSTI OG SPARNADARMÖGULEIKA

Hægt er að eiga viðskipti með sjóði í rekstri ÍV sjóða hf.
í gegnum **Verðbréfavef ÍV á iv.is**

VERÐBRÉFAVEFUR ÍV Á **WWW.IV.IS**



ÍSLENSK VERÐBRÉF

— síðan 1987 —



Langtímasamningar á vinnumarkaði

Skammt hefur verið stórra högga á milli í kjarasamningamálum undanfarna mánuði. Undir lok ársins 2023 tóku Starfsgreinasambandið, Efling, VR og Samið, sig saman um að nálgast kjarasamningsgerð á almennum vinnumarkaði við Samtök atvinnulífsins (SA), út frá sömu grundvallarsjónarmiðum, sem byggðu á hófsamri launahækkun, gegn ströngum forsendum um lækun vaxta og verðbólgu. Jafnframt var þess krafist, að ríkið tæki þátt í verkefninu, með auknum húsnæðisstuðningi, barnabótum og fleira.

Eftir nokkurra vikna viðræður var deilunni vísað til Ríkissáttasemjara, 24. janúar 2024. Eftir ströng fundahöld var loks undirritaður kjarasamningur 7. mars, með gildistíma frá 1. febrúar. Meginmarkmið samningsins er lækun verðbólgu og vaxta, með samstilltu átaki verkalyðshreyfingar, ríkis, atvinnurekenda, sveitarfélaga og annarra. Með því er gert ráð fyrir að kaupmáttur aukist. Laun hækka um 3,25% eða að lágmarki um 23.750 árlega á samningstímanum. Orlofsuppbót hækkar um 2.000 krónur á ári og desemberuppbót um 4.000 kr. á ári.

Framlag stjórnvalda er meðal annars sérstakur húsnæðisstuðningur og hækkun grunnfjárhæðar húsnæðisbóta. Barnabætur hækka og sömuleiðis hámarksfjárhæð fæðingarorlofsgreiðslna. Auk þess skuldbatt ríkið sig til að halda hækkunum á gjaldskránni innan við 2,5%. Ein mikilvægasta aðgerðin af hálfu hins opinbera var loforð um gjaldfrjálsar skólamáltíðir í grunnskólum.

Samningurinn var samþykktur með næstum 83% greiddra atkvæða.

Samið við ríkið í júní

Aðildarfélag SGS sömdu við ríkið 25. júní

2024, á svipuðum nótum og samið hafði verið um í öðrum samningum. Launahækkanir voru þær sömu og í samningnum á almenna markaðnum og önnur ákvæði sambærileg að mestu.

Samningurinn var samþykktur með um 88% greiddra atkvæða í rafrænni atkvæðagreiðslu.

Þyngri róður með sveitarfélögin

Síður gekk að semja við sveitarfélögin en ríkið. Samningurinn rann út 31. mars 2024, og þrátt fyrir fjölmarga fundi hafði ekkert þokast um sumarið. Deilunni var vísað til Ríkissáttasemjara 20. júní. Samningar náðust síðan 3. júlí, eftir ströng fundahöld undir verkstjórn Ríkissáttasemjara. Samningurinn, sem er á líkum nótum og samningurinn við Samtök atvinnulífsins (SA), felur einnig í sér sérstakar hækkanir lægstu launa og á einstök starfsheiti í leikskóla og í heimaþjónustu. Framlag í félagsmannasjóð hækkar afturvirkir úr 1,5% í 2,2% frá 1. apríl 2024. Auk þess kemur raunveruleg stytting vinnuviku, úr 40 stundum í 36 fyrir fullt starf, til framkvæmda 1. nóvember. Styttingin felur í sér, að tímafjöldi á mánuði breytist úr 173,33 stundum í 156.

Samningurinn var samþykktur með rúmum 84% greiddra atkvæða.

Á sama tíma tókst ekki að ljúka gerð viðbótarsamnings við Hafnarfjarðarkaupstað um störfutan samningsins við Sambandsveitarfélaga, þannig að Hlíf dró samningsumboðið gagnvart Hafnarfjarðarkaupstað til baka rétt fyrir undirritun. Fjallað er sérstaklega um viðræður og samning við Hafnarfjarðarkaupstað annars staðar í blaðinu.

Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu

Verkalyðsfélagið Hlíf hefur gert samning við Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV), í samvinnu við Verkalyðs- og sjómannafélag

Keflavíkur og nágrennis. Í gegnum tíðina hefur samningur við SFV oftast verið mjög keimlíkur ríkissamningnum og hefur oftast verið undirritaður skömmu eftir að gengið hefur verið frá honum. Nú brá öðruvísi við. Viðræður fóru í gang um svipað leyti og ríkissamningur hafði verið undirritaður, en fljótlega kom hik á viðsejendur, sem töldu sig þurfa lengri tíma til undirbúnings, einkum varðandi fjármögnun frá ríkinu.

Það var ekki fyrr en 30. október 2024 sem tókst að ljúka samningnum. Samningurinn, sem er að flestu leyti í samræmi við aðra samninga sem gerðir hafa verið, hefur að geyma sérstakt ákvæði um mönnun. Ákvæðið, sem er byggt á yfirlýsingu sem heilbrigðisráðherra gaf í tengslum við samning Eflingar og SFV, felur í sér fyrirheit ráðherra um tilteknar aðgerðir sem miða að því að leggja fram tímasetta áætlun um hvernig ná megi viðmiðum Landlæknisembættisins um mönnun á hjúkrunarheimilum. Jafnframt skuldbinda heilbrigðisráðherra og fjármálaráðherra sig til að bregðast við áætluninni með tilliti til fjármögnunar, fyrir 1. apríl 2025.

Samningurinn var samþykktur í atkvæðagreiðslu með 76% atkvæða.


Helstu samningar í höfn

Með undirritun samninga sem nefndir hafa verið hér að framan, Hafnarfjarðarsamningsins sem undirritaður var 18. nóvember 2024, auk samningsins sem gerður var vegna álversins í Straumsvík árið 2021 og gildir út árið 2026, má á vettvangi Hlífar gera ráð fyrir góðum friði á vinnumarkaði næstu misserin, nema forsenduákvæði haldi ekki.

Enn er þó ósamið við Samtök sjálfstæðra skóla, eins og fram kemur annars staðar í blaðinu.



Samningur við Hafnarfjarðarkaupstað



Á ýmsu gekk, áður en gengið var frá við-bótarkjarasamningi við Hafnarfjarðarkaupstað vegna Hlífarfólks í leikskólum bæjarins, 18. nóvember 2024, og í kjölfarið kjarasamningi við Samband Íslenskra sveitarfélaga, fyrir hönd Hafnarfjarðarkaupstaðar, 21. nóvember 2024. Samningurinn við Samband sveitarfélaga var samhljóða samningi sem Starfsgreinasambandið (SGS) gerði við samband sveitarfélaga í byrjun júlí og Hlíf var aðili að fyrir hönd félagsmanna sem starfa hjá Garðabæ.

Breytt starfslýsing

Meginástæða þess að gera þurfti viðbótarsamning við Hafnarfjarðarbæ, bæði núna og síðast þegar samið var, er sú að Hafnarfjarðarbær breytti upp á sitt einsdæmi störfum og starfslýsingum starfsfólks í leikskólum bæjarins. Breytingin á starfinu sjálfu hafði átt sér stað yfir nokkurn tíma og breytingin

á starfslýsingu fól í raun í sér viðurkenningu á breyttu starfi.

Með einföldum samanburði á starfslýsingum **starfsmanns í leikskóla/ leiðbeinanda** annars vegar og nýjum starfslýsingum **leikskóla- og frístundaliða** hins vegar, er munurinn ljós. Munurinn kemur fram bæði þar sem fjallað er um **Markmið**

starfs og í upptalningu undir **Verkþættir og helstu verkefni**.

Eftirfarandi þáttum er bætt við **Markmið starfs** leikskóla- og frístundaliða

- Sinnir uppeldi og menntun barna á leikskóla undir leiðsögn og stjórn deildarstjóra og stjórnenda leikskóla.
- Tekur þátt í leikskóla- og frístundastarfi innan leikskólans og öðrum þeim störfum sem fram fara innan skóladagsins.

Verkþættir og helstu verkefni sem leikskóla- og frístundaliði hefur á sinni könnu umfram starfsmann í leikskóla eru m.a.meðal annars eftirfarandi:

- Er til stuðnings og aðstoðar við sérfræðinga sem starfa með og sinna nemendum með sértækan vanda, eða börnum með einhvers konar fötlun, röskun og eða sérþarfir.
- Fylgist með og aðstoðar börn í leik og starfi.

- Aðstoðar börn í neysluhléum, matar- og kaffitímum og sinnir undirbúningi og frágangi.
- Tekur þátt og kemur að hugmyndavinnu og skipulagi á tómtunda- og frístundastarfi innan leikskólans.
- Fylgir eftir málum sem upp koma í skólastarfinu með viðeigandi upplýsingagjöf til stjórnenda eða foreldra eftir því sem við á hverju sinni, samkvæmt verklagsreglum leikskólans.
- Starfsmaður er hópstjóri og tekur ábyrgð á hópstarfi tiltekins fjölda barna.

Munurinn á þessum tveimur mismunandi starfslýsingum er umtalsverður – og þar liggja rökinn fyrir meginkröfu félagsins gagnvart Hafnarfjarðarbæ í þessum samningum, það er kröfunni um undirbúningstíma, sem ekki væri hægt að hundska eða láta gufa upp vegna manneklu. Vissulega voru fleiri kröfur, en þetta var grunnkrafan.

Lítill alvara í viðbrögðum bæjarins

Samningur SGS og Sambands sveitarfélaga var undirritaður 3. júlí 2024. Þrátt fyrir tilraunir Hlífar til að fá Hafnarfjarðarbæ til að semja á sama tíma, tókst það ekki, þar sem bærinn var ekki tilbúinn að stíga nein skref til móts við eðlilegar kröfur félagsins. Félagið átti því engan annan kost en að draga umboðið til baka frá Starfsgreinasambandinu hvað Hafnarfjörð varðar, en skrifa undir samning við Garðabæ.

Þetta breytti deilunni að því leyti að í stað þess að halda samflotinu með öðrum Starfsgreinasambandsfélögum, stóðum við ein gagnvart Hafnarfjarðarbæ og Sambandi sveitarfélaga, því samningsumboð Hafnarfjarðarbæjar liggur hjá því. Sambandið vill aftur á móti ekki vera aðili að þessari „sérhafnfirsku“ deilu. Við vorum því annars vegar að semja við aðila sem hafði umboð en vildi ekki ræða kröfurnar og hins vegar við aðila sem kröfurnar beindust að, en hafði ekki lengur umboð til að semja um þær.

Deilunni vísað til sáttasemjara

Þegar ekkert hafði gerst í byrjun september 2024, þrátt fyrir ýmis samskipti, vísaði félagið deilunni til Ríkissáttasemjara, 6. september. Það var aðallega gert til að draga viðsemjendurna að samningaborðinu, því þegar deila er komin til sáttasemjara, verða deiluaðilar að minnsta kosti að funda. Á þeim fundum gerðist aftur á móti fátt. Viðsemjendur reyndu að telja okkur trú um að í raun og veru væri lítill munur á starfi leiðbeinanda í leikskóla og leikskóla- og



frístundaliða. Breytingin á sínum tíma hafi ekki verið nein breyting.

Eftir að tveir mánuðir voru liðnir frá því að deilunni var vísað til Ríkissáttasemjara og ekkert hafði gerst, töldu samningamenn félagsins fullreynt, tilkynntu um árangurslausar viðræður og hófu undirbúning aðgerða. Sett var af stað atkvæðagreiðsla um boðun vinnustöðvunar í leikskólum bæjarins, sem átti að hefjast 21. nóvember í þremur leikskólum.



Mikill hugur í félögum

Næstum 70% þátttaka var í atkvæðagreiðslu um vinnustöðvunina, sem var samþykkt með meira en 86% greiddra atkvæða. Áður hafði félagið gert könnun meðal leikskólastarfsfólks, þar sem niðurstöður voru sláandi. Það er ívið hærra hlutfall en þegar við spurðum sama hóp í könnun skömmu áður hvort svarendur teldu líklegt að þeir væru reiðubúnir í aðgerðir til að knýja fram bætt kjör.

Í könnuninni var spurt um ýmislegt sem sneri að starfinu sjálfu og innihaldi þess. Svörin lögðu frekari grunn að þeirri afstöðu samninganefndar félagsins að ekki væri hægt

að hrika frá því að semja um tryggingu vegna undirbúningstíma. Í könnuninni var til dæmis spurt hvort tekið væri tillit til mismunandi menntunar starfsfólks þegar dagskipulag deildarinnar væri búið til og verkefnum úthlutað.

Niðurstaðan verður varla skýrari. Sama gildir varðandi aðrar spurningar sem snúa að verkefnum inni í leikskólanum. Leikskóla- og frístundaliðar sinna flestir þeim verkefnum sem fram koma í starfslýsingu.

Engin breyting, en samt umbylting

Meðan á atkvæðagreiðslunni um vinnustöðvunina stóð, birtist stórunderleg „yfirlýsing“ á vef Hafnarfjarðarbæjar, þar sem lýst var furðu og undrun yfir atkvæðagreiðslunni og helst að skilja að afstaða félagsins byggðist á ósanngirni og misskilningi. Í yfirlýsingu var annars vegar fjallað um að starfi leikskólanna hefði verið breytt mjög mikið og breytingarnar kallaðar „umbylting“. Í sömu yfirlýsingu var því samt haldið fram, að starf starfsfólksins sem framfylgdi umbyltingunni hefði ekkert breyst. Hér fara ekki saman hljóð og mynd.

Þegar tilkynnt var um afgerandi niðurstöðu atkvæðagreiðslunnar virtust forsvarsmenn bæjarins loks átta sig á alvöru málsins. Þá loksins reyndist bærinn reiðubúinn að ræða einhvers konar tryggingar á undirbúningstímana, þannig að þeir gufuðu ekki upp í manneklu. Á endanum tókst að semja um þrjá flokka undirbúningstíma: Einn tíma á viku fyrir almenna leikskóla- og frístundaliða, tvo tíma fyrir þá sem sinna hópastarfi, stöðvastarfi, skógarferðum

eða flæði, eða öðrum verkefnum sem jafnast á við faglegt starf. Stuðningsfulltrúar fá þrjá tíma á viku. Tryggingin felst í að verði undirbúningi ekki við komið innan dagvinnumarka, skulu undirbúningstímarinnir unnir í yfirvinnu og greitt samkvæmt því. Með þessu er sigur í margra ára baráttumáli í höfn.

Úttekt á veikindum starfsfólks

Ýmis fleiri ákvæði er að finna í samningum, sem varða fleiri en leikskóla- og frístundaliða, svo sem matráða í leikskólum, stuðningsfulltrúa, deildarstjóra og fleiri. Jafnframt er ákvæði um starfsmat, fasta yfirvinnu og úttekt á veikindum sem miðar að því að komast að því hvort munur sé á milli skóla í því sambandi. Finnist slíkur munur, hljóta stjórnendur að leita skýringa og bregðast við þeim. Í könnuninni sem Hlíf gerði meðal starfsfólks leikskóla í Hafnarfirði segjast 40% oft finna fyrir óþægindum vegna loftgæða og 10% telja að um myglu sé að ræða í leikskólanum. Með úttektinni ætti að vera hægt að þrengja hringinn.

Samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta

Í atkvæðagreiðslu, sem lauk á hádegi mánudaginn 25. nóvember 2024, var samningurinn samþykktur með 85% greiddra atkvæða. Á kjörskrá voru 390 starfsmenn Hafnarfjarðar, 200 greiddu atkvæði, en það er óvenjulega mikil þátttaka í atkvæðagreiðslu um kjarasamning.



Ótækt að vera ekki með kjarasamning

Eitt stærsta útistandandi verkefni í kjarasamningsmálum hjá Verkalýðsfélaginu Hlíf, er að gera kjarasamning við Samtök sjálfstæðra skóla (SSSK). Á félagssvæðinu eru allmargar skólastofnanir, ýmist reknar af Hjallastefnunni eða Skólum ehf. Í þessum skólum starfa á milli 150 og 200 Hlífarfélagar að jafnaði.

Fram til þessa hefur ekki verið gerður sjálfstæður kjarasamningur vegna þessa starfsfólks, heldur hefur starfsfólkið í meginatriðum notið sambærilegra kjara og starfsfólk sem starfar í leikskólum sem reknir eru af sveitarfélögunum. Um þetta hefur verið meira og minna þegjandi samkomulag. Nú gengur það ekki lengur að mati félagsins. Ástæðurnar eru nokkrar.

Breyttar forsendur

Í fyrsta lagi lítur stjórn félagsins á það sem skort á eðlilegum mannréttindum á íslenskum vinnumarkaði að vera ekki með kjarasamning.

Í öðru lagi hefur hópurinn stækkað umtalsvert á undangengnum misserum og málið því orðið stærra í sniðum. Í þriðja lagi hefur fjölgað umtalsvert dæmum um að ekki sé farið eftir þeim samningum sem skólarnir segjast þó fara eftir. Í fjórða lagi stendur vilji trúnaðarmanna og þeirra félagsmanna sem starfa hjá einkareknum skólum til þess að félagið beiti sér fyrir gerð kjarasamnings.

Árangurslaust hingað til

Félagið hóf að þrýsta á SSSK í vor um nauðsyn þess að hefja viðræður um gerð samnings. Lítið var um viðbrögð. Þá vísaði félagið málinu til Ríkissáttasemjara, sem hefur haldið tvo fundi. Á þeim kom fram sú fráleita skoðun lögfræðings Samtaka atvinnulífsins, að þetta fólk starfi eftir kjarasamningi Samtaka atvinnulífsins (SA) og Starfsgreinasambandsins (SGS). Þessu var haldið fram án nokkurs skynsamlegs rökstuðnings.

Ekkert í framkvæmdinni bendir til að farið

sé eftir samningi SGS við SA. Enginn kafli í þeim samningi á við þau störf sem um ræðir og laun og önnur réttindi miða við sveitarfélagasamninginn. Launabreytingar eru gerðar þegar samið hefur verið við Samband íslenskra sveitarfélaga, en ekki Samtök atvinnulífsins. Skólarnir greiða í sjóði á sama hátt og gert er samkvæmt sveitarfélagasamningi, sömu fjárhæðir og sömu sjóði. Greitt er í fræðslusjóð Hlífar en ekki Starfsafl eins og gert er ráð fyrir í samningum á almenna markaðnum og jafnframt er greitt í svokallaðan félagsmannasjóð, sem er ekki til nema í sveitarfélagasamningi.

Við svo búið má ekki standa

Verkalýðsfélagið Hlíf mun ekki sætta sig við að málið festist í þessum farvegi. Ákveðið hefur verið að láta reyna á túlkun SA, með þeim tækjum og tólum sem félagið hefur aðgang að, þar með talið fyrir Félagsdómi.



Mikil eftirspurn eftir Tótal félagakerfinu

Margt hefur breyst frá því að Verkalýðsfélagið Hlíf steig það skref snemma árs 2022, að taka upp Tótal félagakerfið. Kerfið var upphaflega þróað af AFLi á Austurlandi, í samstarfi við hugbúnaðarfyrtækið Austurnet. Það var ekki fyrr en skömmu áður en Hlíf tók upp kerfið, að stjórn AFLs ákvað að gefa öðrum stéttarfélögum kost á þátttöku. Fyrir utan AFL var Hlíf því fyrsta félagið til að innleiða Tótal.

Að ýmsu þurfti að hyggja í forritun kerfisins þegar það var opnað fyrir öðrum en félögum í AFLi og sumt þurftu forritarar að hugsa upp á nýtt. Allt gekk það vandræðalaust og fljótlega fóru önnur félög að sýna kerfinu áhuga. Næstu félög til að taka upp kerfið voru Efling, Stéttvest á Vesturlandi og Aldan stéttarfélag, í Skagafirði.

Hlutfélag stofnað

Snemma árs 2023 var stofnað hlutfélag um rekstur Tótal - Félagakerfið Tótal ehf.

Stofnfélagar voru áður nefnd fimm félög, með misstóra hluti, í nokkru samræmi við stærð félaganna. Hlíf á 10% í félaginu.

Undanfarna mánuði hefur áhugi verkalýðsfélaga á að taka upp Tótal félagakerfið verið gríðarlegur. Eftir nokkra mánuði verður á annan tug félaga byrjaður að nota félagakerfið. Eining-löja á Akureyri er komin vel á veg í innleiðingu og sama gildir um Rafiðnaðarsambandið, VM og Matvís. Einnig eru Sjómannafélag Eyjafjarðar, Samstaða, Verkalýðsfélag Akraness og Byggið að undirbúa sig undir innleiðingu.

Tenging við bókhald

Unnið hefur verið að tengingum Tótal við BC bókhaldskerfið og þar sem sú vinna er lengst komin, skiptast kerfin hnökralítið á upplýsingum. Með því fæst veruleg vinnuhagræðing.

Í gagnagrunni Tótal eru nú á fjórða hundrað þúsund launamanna, þar af eru um 60.000 virkir félagsmenn í dag. Á hverjum degi skrá mörg hundruð félagsmenn sig inn í kerfið og þeim fjölgar eftir því sem aðildarfélögum fjölgar. Fljótlega eftir næstu áramót má gera ráð fyrir að vel á annað þúsund einstaklingar skrái sig daglega inn í kerfið til að sinna einhverjum erindum.

Tótal félagakerfið er, í samstarfi við AFL, skrifað og þjónustað af Austurneti á Egilsstöðum, eins og áður er nefnt, undir verkstjórn Garðars Vals Hallfreðssonar og Sigurðar Behrend, sem hafa verið með í ferlinu nánast frá upphafi. Félagakerfið Tótal ehf. hefur nú ráðið þjónustufulltrúa sem mun sinna aðstoð við starfsmenn félaganna og aðstoða við innleiðingu nýrra félaga.

TOTAL
F É L A G A K E R F I

Grúskað í félagatali



Verkalýðsfélagið Hlíf heldur áfram að stækka og breytast. Við grúsk í félagatalinu fyrstu 10 mánuði ársins 2024, sést að greitt hefur verið til félagsins af 6.880 einstaklingum einhvern tíma á árinu. Nokkur hundruð þeirra hafa starfað hjá fleiri en einum atvinnurekanda á tímabilinu. Stærsti hlutinn hefur verið í félaginu alla mánuðina, en í hópnum er einnig talsverður fjöldi sumarstarfsfólks.

Næstum helmingur félagsmanna á árinu er af erlendu bergi brotinn, líkt og undanfarin ár.

Félagsmennirnir eru frá 84 þjóðlöndum, að Íslandi meðtöldu. Tæplega 51% eru Íslendingar, en Pólverjar eru næst stærsti hópurinn, næstum fjórðungur félagsmanna í Hlíf er af pólskum uppruna. Næst þar á eftir eru félagsmenn frá Litháen, Úkraínu, Rúmeníu, Lettlandi og Venesúela. Þau tæplega 10% sem ekki eru frá einhverju þessara landa, eru frá 77 löndum.

Kynjaskiptingin

Rúmur helmingur félaga í Hlíf er konur, eða 52,6%, eins og sést á meðfylgjandi kökuriti.



Kynjaskiptingin er nánast óbreytt frá fyrra ári.

Munurinn er þó talsvert meiri þegar kynjaskiptingin er skoðuð eftir uppruna. Konur eru 57,6% af íslenskum félögum, en karlar 42,4%. Hlutfallið snýst við þegar skoðuð er kynjaskipting félagsfólks af erlendum uppruna. Þá eru karlar 52,9%, en konur 47,1%.

Skipting félaga eftir aldri


Verkalýðsfélagið Hlíf er skipað mörgum ungum félögum og er ungt í anda, þótt það sé stofnað árið 1907. Meðalaldur félaganna er 32 ár.

Um 57% félagsmanna eru yngri en 30 ára og þrír af hverjum fjórum eru yngri en 40 ára. Um 30% eru á aldrinum 30-50 ára og einungis rúmlega tíundi hver félagsmaður er eldri en 50 ára.

Skipting milli markaða


Félagar í Hlíf vinna á fjölbreyttum vinnustöðum. Í meginatriðum má þó segja, að þeir vinni samkvæmt ferns konar kjarasamningum. Í fyrsta lagi samkvæmt almennum kjarasamningi Starfsgreinasambands Íslands, í öðru lagi samningum við ríkið og Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu og í þriðja lagi samkvæmt

Skipting félagsmanna




svokölluðum sveitarfélagasamningi milli Starfsgreinasambands Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Í fjórða

Upprunalönd



Skipting eftir aldri



lagi er svo kjarasamningur vegna álversins í Straumsvík. Þegar félögum í Hlíf er skipt eftir vinnumörkuðum, er venjan að telja álverssamninginn með almenna markaðnum.

Um sex af hverjum tíu félagsmönnum í Hlíf starfa samkvæmt kjarasamningum á almennum vinnumarkaði og ríflega fjórðungur samkvæmt samningum við SFV eða ríkið. Einungis örfáir Hlífartfélagar eru ríkisstarfsmenn, þannig að langflestir í þessum hópi vinna samkvæmt samningi við Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV), á Sólvangi eða einhverju Hrafnistuheimilanna í Hafnarfirði eða Garðabæ. Minnsti hópurinn, eða 10%, starfar

samkvæmt svokölluðum sveitarfélagasamningi; starfsfólk Hafnarfjarðarkaupstaðar, Garðabæjar,



Hjallastefnunnar og Skóla ehf. í Hafnarfirði og Garðabæ.

Meðallaun Hlífartfélaga í október

Meðallaun Hlífartfélaga í októbermánuði 2024, voru 519.687 krónur – óháð starfi og starfshlutfalli. Hjá körlum voru meðallaunin 631.111 kr., en hjá konum 444.820 kr. Reynslan segir okkur að talsvert hærra hlutfall kvenna en karla sé í hlutastarfi.

Á almenna markaðinum eru meðallaunin 580.801 kr. (um 662.000 kr. hjá körlum, en um 488.000 kr. hjá konum). Á hjúkrunarheimilum eru meðallaunin um 378.000 kr. hærri hjá körlum en konum, en þeir eru aftur á móti fáir í þessum hópi. Meðallaunin hjá þeim Hlífartfélögum sem starfa samkvæmt sveitarfélagasamningi eru um 400.000 kr. og hverfandi munur á meðallaunum karla og kvenna.



Verðlaunakrossgáta



BLUNDUR

SEIN-FARINN

BINDA

SKORDÝR

ÞRÁR

STAFUR

VAFIN

DANS

ÁVÖXTUR

RÚST

AUGNA-RÁÐ

EILÍFAN

SKYGGJA

↓

ELÐUR

DÁÐ

FANGA

SAMÞYKKI

MÁLMUR

TVEIR EINS

DUFL

NIÐUR-FELLING

NAFN

HÓFUNDUR BH • BRAGI@THIS.IS

HLUTA

BÆTUR

GÁLAUS

SPIL

RASKA

HÚRRA

SPÖNN

Í RÖÐ

DEIGUR

GÚBBA

FISKUR

HREINSA

TÍÐAR

FLÓTTI

DUGLEG

TAL

PREYTA

MISTAKAST

TVEIR EINS

ÁSÆLAST

STÓRVIRKI

SVIKULL

FYRIRBØÐI

REKA

STINGUR

KALDUR

SPYR

SÆTI

ÍÞRÓTTA-FÉLAG

VÍBRA

LOKA

SKVETTA

UMSTANG

ETJA

MÁLI

GRAS

POLGÆÐI

HÍBÝLI

MÆTA

ÆTÍÐ

TRÉKKUR

KLAFI

ROTUN

ÞÍÐA

SKYNFÆRI

AF-RENNSLI

KVAKA

STUNDIR

ÁVALLT

GALSÍ

RÁS

NEYÐA

LÓÐ

AUK

Nafn:

Sími:

Heimili:

Lausnarorð: